

# DAGSKRÁIN

FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

2782

Fimmtudagur 12. desember 2024

57. árgangur



Gleðileg jól





## JÓLALEG KAKÓKVÖLD

Jólabókaupplestur í Bókakaffinu á Selfossi fimmtudagskvöldið 12. des. kl. 20. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Höfundarnir sem mæta eru:

Sigmundur Ernr  
Guðjón Baldursson  
Sigurlín Sveinbjarnardóttir  
Guðrún Jónína Magnúsdóttir  
Valur Gunnarsson  
Björn Þorláksson

Kakó og kertaljós, smákökur og notaleg jólastemning

**Bókakaffið**

**HARPA**  
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19  
Garðabær  
harpa@harpautfor.is  
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir  
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir  
821 2045

## Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu  
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir  
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is



## Hákon og Ívar halda jólatónleika í Midgard

Sunnlendingarnir Hákon Kári Einarsson og Ívar Dagur B. Sævarsson halda sína fyrstu jólatónleika föstudaginn 13. desember nk. klukkan 21 í Midgard á Hvolsvelli. Þeir fá með sér einvalalið hljóðfæraleikara. Smári Orrason trommar og Matthías Hlífur Pálsson spilar á bassa. Einnig verður Kolfinna Sjöfn Ómarsdóttir með þeim. Hákon syngur, spilar á hljómborð og kassagítar. Ívar spilar á gítar, syngur raddir og fer með gamanmál. „Búast má við einlægri sviðsframkomu, gleði og flottum göllum,“ segir Ívar Dagur í samtali við Dagskrána. Miðasala tónleikanna fer fram við hurð.

### Ætla að spila næstu 50-60 árin

Aðspurður hvernig það hafi komið til að halda jólatónleika

segir Ívar Dagur að þeir félagar sjái fyrir sér að starfa við þetta í framtíðinni. „Þetta er eitthvað sem við ætlum að vera að gera næstu 50-60 árin þannig að einhvers staðar og einhvern tímann verður maður að byrja!“

Hátíðarbragur verður yfir tónleikunum og má búast við alls konar tónlist. „Bæði hefðbundin lög sem þjóðin þekkir í bland við lög sem við höfum þurft að grafa örlítið eftir. Hver veit nema að við spilum eitthvað sem við sömdum sjálfir,“ segir Ívar Dagur.

### Hafa spilað lengi saman

Hákon og Ívar kynntust þegar þeir spiluðu saman fótbolta í 3. flokki á Selfossi. Seinna byrjuðu þeir að spila saman tónlist í hljómsveitinni KÓMA í menntaskóla. Undan-

farið hafa þeir svo verið saman í hljómsveitinni Koppafeiti sem hefur verið að gera góða hluti á Suðurlandi. Báðir eru strákarnir með bakgrunn í tónlist. Hákon stundaði píanónám í Tónlistarskóla Rangæinga í níu ár og lærði einnig í eitt ár við Tónlistarskóla FÍH. Ívar var í sex ár í píanónámi í Tónlistarskóla Árnesinga og tvö ár í gítarnámi í sama skóla.

Ívar segir undirbúning tónleikanna hafa gengið vel og að mikil spenna sé fyrir föstudeginum. Ásamt því að vera með eigin tónleika spiluðu þeir á jólatónleikum með Elísabetu Björgvinsdóttur 11. desember sl. og spila þeir á einu og einu jólaballi hér og þar. Hljómsveitin Koppafeiti mun síðan spila á áramótaballi á Hvolsvelli.

EHI



## Dagur íslenskrar tungu og tónlistar í eina sæng

Nemendur og starfsmenn Vallaskóla héldu dag íslenskrar tungu og tónlistar sameiginlegan og hátíðlegan miðvikudaginn 27. nóvember síðastliðinn. Þá var sett upp flott dagskrá í íþróttasal skólans þar sem nemendur og starfsfólk komu saman. Dagskráin hófst á ljóðaflutningi þeirra Halldórs og

Úlfs úr 8. árgangi en þeir sigruðu Stóru upplestrarkeppnina á síðasta skólaári. Því næst steig lið Vallaskóla sem keppti í og sigraði listakeppnina Skjálftinn á dögnum og sýndi sitt glæsilega atriði. Í kjölfarið tóku nemendur undir með starfsmannahljómsveitinni Í Grænum Fötum og sungu undir í lögnum Húsið

og ég og Snjókom fallu. Með þeirri framkomu var gerð atlaða að Íslandsmeti í fjöldasöng. Að lokum steig starfsmannagrúbban Vice Guys trylltan dans með nemendum við undirleik jólaglagsins Þessi Týpísku Jól. Sannarlega dásamleg og vel heppnuð samvera í Vallaskóla





# Fáðu fagmann í verkið

**Framúrskarandi fyrirtæki 2023**

**PÍPULAGNIR SUÐURLANDS** Háheiði 10, Selfossi  
S. 699 1985 / 823 6656

# NÝR TOYOTA PROACE

Toyota Selfossi  
Fossnesi 14  
480 8000

**Toyota Selfossi**

## Sköpuðu sitt eigið sjónpróf um frið, vináttu og samkennd



Um miðjan október síðastliðinn fengu nemendur 7., 8., 9. og 10. bekkjar Víkurskóla í Vík í Mýrdal „öðruvísi“ skemmtilega kennslustund í ritlist og skapandi skrifum. Skrifum sem eru öðruvísi að því leyti að þeir setja sína hugleiðingu fram í það knappa form sem sjónpróf er. Þemað var friður, vináttu, og samkennd. Þetta er töluverð áskorun fyrir bæði unglinga og fullorðna þar sem stafafjöldi hvers sjónprófs þarf að vera um það bil 80 bókstafir og að hámarki 86 svo lögun upprunalega sjónprófsins haldi sér.

Þetta er þolinmædisverk og verður að framkvæma af mikilli rósemi og einbeitingu. Þar stóð unga kynslóðin sig alveg ein-

staklega vel. Nemendur hlustuðu af mikilli athygli á kennarann og það var greinilegt að þeim fannst gaman að glíma við verkefnið. Svavar Guðmundsson var kennari á vinnustofunni en hann er lögblindur; lögblinda er skilgreind sjón sem er minni en 10%. Í lok vinnustofunnar hafði unga fólkið mikinn áhuga á að vita hvernig hann sæi lífið og liti þess, og hvernig það væri að vera með svo litla sjón. Sköpuðust góðar og upplýsandi umræður um blindu og sjónskerðingu.

Sjónprófið sem er notað sem grunnur er upprunalega sjónprófið frá árinu 1851 eftir Þjóðverja og nefnist Scellen test. Það er víða enn í dag notað sem

sjóntæknigrunnur til að meta og mæla sjón fólks. Lögun og útlit sjónprófsins er engin tilviljun, allt úthugað í samspili stærðar bókstafa og fjarlægðar þess sem les. Svavar hefur gefið út þrjár bækur sem innihalda hugleiðingar og heilræði sem sett eru fram í því knappa formi sem sjónpróf er. Inni á vef Menntamálastofnunar, nú Miðstöð Menntunar og skólajónustu, má finna kennsluleiðbeiningar og hugmyndir um hvernig nota má bækurnar á fjölbreyttan hátt í skapandi skólastarfi.


Nemendurnir með aðstoð íslenskukennara síns bjuggu til sína hugleiðingu um þemað. Hún varð að innihalda 80-86 bókstafi eins og fyrr segir. Ásamt því eru nokkrar aðrar reglur sem ber að varast sem Svavar útskýrði fyrir nemendum áður en þeir byrjuðu, t.d. hvernig á að telja stafina í síðustu þremur línunum o.fl. Nemendur fengu sent skapalón í tölvu sem Svavar hefur hannað til að setja stafina rétt inn í, þannig að hugleiðingin komi uppsett eins og sjónpróf. Nú var komið að því að setja hugleiðinguna inn í sjónprófsformið sem nemendur höfðu skrifað deginum áður. Það er skemmt frá að segja að unga

fólkið stóð sig stórkostlega og á tímabili mátti varla heyra saumnál detta svo áhugasöm voru þau að koma lífsspeki sinni um þemað í sjónprófsformið. Nú eru merkingarþrungin sjónpróf um allan Mýrdalinn og ekki síst í grunnskólanum um FRIÐ, VINÁTTU OG SAMKENND.

Íslensku listaverkin eftir unga fólkið voru síðan afhjúpuð

á degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember sem jafnframt er kaffihúsakvöld skólans, fyrir foreldrum, kennurum og öðrum gestum til yndislesturs. Þess skal getið að verkefnið er styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurlands.

ÍSLENSKAEROKKA  
RMÁLOGDÝRMÆTURARFUR.





# Drottning vetrarmótaraðanna í beinni hjá Eiðfaxa

Eiðfaxi hefur undirritað E-samning til tveggja ára við forsvarsmenn Meistaradeildar Líflands í hestaþróttum um það að hún verði í beinni útsendingu á streymisveitum Eiðfaxes TV næstu tvö tímabil.

„Það er ekki á neinn hallað þegar sagt er að Meistaradeild Líflands í hestaþróttum sé drottning innanhúsmótaraðanna og flaggskip íslandshesta- mennskunnar yfir vetrarmánuð- ina. Meistaradeildin hefur allt frá stofnun hlotið mikla athygli allra unnenda íslenska hestsins, hvar sem þeir eru staddir í heim- inum. Eiðfaxi TV mun sjá til þess að í vetur verði engin breyting þar á heldur frekar bætt í við það að koma efni sem viðkemur Meistaradeildinni á framfæri,“ segir á heimasíðu Eiðfaxes.

Eiðfaxi mun gera deildinni



Sóley Margeirsdóttir f.h. Meistaradeildarinnar og Magnús Benediktsson framkvæmdastjóri Eiðfaxes.

góð skil á vef sínum með alls kyns ítarefni.

Meistaradeildin hefur göngu sína í vetur á keppni í HorseDay

höllinni að Ingólfshvoli þann 23. janúar þar sem keppt verður í fjörgangi.

## „Í gegnum tímans tönn“ sýnd í Sunnumörk



Sandra B. Clausen.

Sandra B. Clausen opnar ljós- myndasýninguna „Í gegnum tímans tönn“ á ganginum í Sunnumörk í Hveragerði laugar- daginn 14. desember klukkan 15.

„Með þessum myndum dreg ég fram þá hráu feegurð sem býr í hinni íslensku náttúru. Ég reyni að grípa augnablik á mynd og vil auka þannig á núvítund með þeim ljósmyndum sem hér eru til sýnis,“ segir Sandra.

Myndirnar hafa verið teknar síðastliðin fjögur ár, aðallega í Hveragerði og nærumhverfi en einnig Ölfusi og í kringum Stokkseyri og Eyrarbakka. Myndirnar eru lítið unnar svo

hægt sé að sjá með hinu bera augu hvað hversdagurinn getur orðið fallegur ef við einungis tökum eftir honum.

„Ég heiti Sandra Clausen og er rithöfundur og skáld. Ég hef ávallt verið mjög listræn og tek- ið myndir í mínum frístundum. Ég nýt þess að fanga augnablik- ið með linsunni og draga fram fegurðina í hversdagslegum hlutum lífsins. Sjá umhverfið með öðrum augum þar sem sjónarhorn og/eða lýsing getur breytt sjón okkar á umhverfinu sem þótti eflaust lítið spennandi í fyrstu. Viðhorf geta breyst og grár hversdagurinn orðið ævin- týri líkast.“

## Besti vinur aðal og fleiri til á upplestrarkvöldi í Bókakaffinu

Síðasta upplestrarkvöld þess- arar adventu verður í Bóka- kaffinu fimmtudagskvöldið 12. des. Meðal bóka sem þá verða kynntar er metsölubókin Besti vinur aðal eftir Björn Þorlák- son en annars er listinn svo- hljóðandi:

Guðrún Jónína Magnúsdóttir, Rokið í stofunni sem fjallar um upptökuheimili ástandsstúlka, Guðjón Baldursson, sakamála-

sagan Hefndir. Sigmundur Ernir Rúnarsson, ljóðabókin Á meðan við deyjum ekki, Valur Gunn- arsson, Berlínarbjarmar, Sigur- lín Sveinbjarnardóttir, sögulega skáldsagan Guðrún og fyrnefnd spillingarsaga Björns Þorlák- sonar, Besti vinur aðal.

Allir velkomnir meðan hús- rúm leyfir. Jólakakó, smákökur og sannkölluð jólastemning.



### DAGSKRÁIN

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.  
Ritstjóri: Elín Hrönn Jónsdóttir, sími 856 0673, hronn@dfs.is.  
Bláðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.  
Auglýsingaeld: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheidar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



## Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Páll Jónsson  
Útg. Bókautgáfan HÖLAR

Úr suðri boða sælu kann, settur oft í búr er hann, í klukku dvelur dægri löng, drengur þessi bjó á Stöng.

Svar við gátu í blaði 2781: LAUS



Sunnlenski matgæðingurinn



## Andalæri með sætkartöflumús og eplasalati

Karl Ágúst Hanniblasson er matgæðingur vikunnar.

Ég átti að þakka honum Jóni Einari fyrir að hafa bent á mig en satt best að segja er mér þakklæti ekki efst í huga á þessari stundu. Þau sem þekja mig vita nefnilega að ég er miklu betri í að smakka matinn heldur en að matreiða. Hins vegar tek ég áskoruninni og með góðri hjálp hendi ég hér í rétt sem bæði getur verið tilvalinn sunnudagsmatur en einnig finnst mér ég oft finna jólabragð af þessum rétti. Ég býð ykkur því upp á andalæri með sætkartöflumús og eplasalati.

Andalæri er fljótlegur og þægilegur matur, hægt að kaupa í niðursuðudós í t.d. Krónunni og er ódýrari en Dominos-pizzur fyrir fjöl- skylduna.

### Andalæri

Andalærin veidd upp úr dós- inni og reynt að skafa sem mest af fitunni af (fínt að geyma dósina í stofuhita fyrir eldun). Skella smá salti og pipar á lærin. Inn í ofn á 180°C og blástur í ca. 15-20 mín. Svo er gott að setja þær smá stund undir grillið í ofninum til að fá stökka fitu áður en lærin eru borin fram.

### Sætkartöflustappa

Sætar kartöflur (t.d. 4 lífrænar) Smjör (1-2 msk.) Vanilludropar / vanillusykur (1/2 tsk. en má sleppa)

Að lokum vil ég skora á vin minn og ástríðukokkinn Arnar Guð- jónsson að koma með næstu uppskrift.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Báran stettarfélag óskar félagsmönnum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla, farsældar og friðar á komandi árum. Með þökk fyrir samstarfið á liðnum árum.



# Gleðileg jól

Við óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum gleðilegra hátíða og farsældar á nýju ári með þakklæti fyrir góð samskipti á árinu sem er að líða.

Hátíðarkveðjur,  
starfsfólk Apóteks Suðurlands



**APÓTEK**  
**SUÐURLANDS**

Austurvegur 24-26, 800 Selfoss - Sími 482 1182 / 482 1102 - apotek@apoteksudurlands.is

**OPNUNARTÍMAR  
YFIR JÓL OG ÁRAMÓT:**

Þorláksmessa kl. 9-18 • Aðfangadagur kl. 9-12 • Jóladagur LOKAÐ • Annar í jólum kl. 11-14  
Laugardagurinn 28. des. kl. 10-16 • Gamlársdagur kl. 9-12 • Nýársdagur LOKAÐ

Óskýr  
sjón

Upplifðu  
meiri þægindi  
með TOTAL™ linsum

Pantaðu linsur í áskrift  
í gegnum [www.eyesland.is](http://www.eyesland.is)

Prófaðu sjónskekkju linsur

eyesland





**DFS.IS**  
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

## ÍSLENSKT KOLLAGEN

Virk blanda fyrir húðina  
með vatnsrofnu kollageni

Með Q-10, C vítamíni &  
Hyaluronic síru



„Húðin er mun  
líflegri, ferskari og  
hún glóir“

„Eftir að ég byrjaði að taka inn **Kollagen frá Protis** hef ég tekið eftir því hvað það kemur mikill gljá í hárið og finnst það síkka hraðar, það er þykkara og það er falleg hreyfing og meira líf í því. **Ég hef alltaf glímt við exem og verið með mjög þurra húð.** Núna finnst mér hún hafa miklu meiri gljáa og hreintega glansa, án þess að vera feit. Húðin er mun líflegri, ferskari og hún glóir. Þannig að ég finn hvað þetta hjálpar henni mikið.“

„Ég hef prófað kollagen frá öðrum framleiðendum sem hefur verið mælt með án teljandi árangurs og margt af því er miklu dýrara, en fæðubótarefni frá Protis eru æði. Ég er mjög þakklát fyrir að finna svona gæðavöru á góðu verði.“

Þorbjörg Svana Gunnarsdóttir

Vörur **PROTIS** eru íánlegar í netverslun Kavita á [www.kavita.is](http://www.kavita.is)

NORDIC NUTRITION  
**PROTIS**



Sérstakur gestur  
**Óskar Snorri Óskarsson**

Miðasala á [tix.is](http://tix.is) og við innganginn

## Jólatónleikar í Eyvindartungu

Söngkonurnar Kristjana Stefánsdóttir og Rebekka Blöndal halda jólatónleika í Eyvindartungu á Laugarvatni sunnudaginn 15. desember. Með þeim leika tveir meistara sveiflunnar, þeir Andrés Þór Gunnlaugsson

gítarleikari og Þorgrímur Jónsson kontrabassaleikari.

Sérstakur gestur tónleikanna verður leikaraneminn Óskar Snorri Óskarsson frá Hruna í Hrunamannahreppi.

Flutt verða þekkt jólalög sem

allir þekkja í hressum útsetningum.

Miðasala fer fram á [Tix.is](http://Tix.is) og við innganginn. Frítt er á tónleikana fyrir 12 ára og yngri og afsláttur er fyrir eldri borgara og öryrkja.



## Tónlistargleði í Víkurkirkju

Vel heppnaðir adventujólatónleikar voru haldnir á öðrum í adventu í Víkurkirkju. Voru þeir samstarfsverkefni Tónskóla Mýrdalshrepps og Víkurprestakalls. Jóhanna Magnúsdóttir, prestur í Víkurkirkju og Alexandra Chernyshova tónskólastjóri opnuðu hátíðlega jólastundina. Jóhanna kveikti á adventukransinum í kirkjunni og Alexandra ásamt tónlistarkennurum Tónskólans leiddi sönginn í laginu Við

kveikjum einu kerti á. Nemendur úr öllum tónlistargreinum komu fram á tónleikunum í hópatriðum: Syngjandi fjölskylda, píanó, trommur, gítar, kammerkór og söngur, klarínett og horn. Tónlistarkennarar Tónskólans Álvaro Sánchez, Orri Guðmundsson, Katrín Waagfjörð og tónskólastjórinn Alexandra Chernyshova spiluðu undirleik í nemendaatriðum. Alexandra var einnig kynnrir á jólatónleikunum.

Þegar Kammerkór Tónskólans byrjaði að syngja Nóttin var sú ágæt ein eftir S. Kaldalóns, birtist jólasveinn með töfra-staf, mandarínur og nammi fyrir krakkana. Hann kunni meira að segja að syngja og söng Heims um ból með öllum. Það var fullt af áhugasömu tónlistaráhuga-fólki, foreldrum og tónlistar-nemendum í kirkjunni. „Þetta var virkilega skemmtilegur jólavíðburður,“ segir Alexandra Chernyshova tónskólastjóri.

## Jólamessur úti um allt Suðurland



Þegar jólin nálgast er ástæða til að vekja athygli á margvíslegu helgihaldi í kirkjunum okkar á Suðurlandi. Á svæðinu eru gullfallegir helgidómar sem sannarlega er vert að skoða og njóta. Ótal raddir sjálfbodaliða, kirkjukóra af öllum stærðum og gerðum, bera uppi söng jóllanna sem ekki er síður dásamlegt að upplifa. Í Suðurprófastsdæmi, sem nær frá Selvogi í vestri og að Lóni (Eystra-Horni) í austri eru alls rúmlega 60 guðshús. Jólamessur verða í þeim vel

flestum og má því fullyrða að nánast hvar sem borði verður niður í sveitum Suðurlands (og ekki má gleyma Vestmannaeyjum!) megi finna söng og helgi jóllanna á tímabilinu frá 20. desember og inn í nýár. Allar upplýsingar um helgihaldið í kirkjunum má finna á fésbókar-síðu Suðurprófastsdæmis.

Sjáumst í kirkju um jólin – á Suðurlandi!

Óskar Hafsteinn Óskarsson,  
prófastur.



## Viltu vekja athygli?

Hafðu samband og fáðu tilboð í birtingar.

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is



## AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Samkvæmt 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslýsinga deili- og aðalskipulagsáætlana eftirfarandi skipulagsáætlana:

- Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027; Flokkun landbúnaðarlands og votlendis; Aðalskipulagsbreyting - 2411023**  
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir á fundi sínum 18. nóvember skipulagslýsingu til kynningar sem tekur til flokkunar landbúnaðarlands og skilgreiningar á hverfisvernd vegna votlendis innan aðalskipulags Bláskógabyggðar. Hægt er að skoða og koma á framfæri ábendingum við flokkunina í gegnum vefsíðu verkefnisins, hlekkur á vefsíðna fylgir rafrænni útgáfu auglýsingarinnar. <https://experience.arcgis.com/experience/ffde7951a3ba4f24b4aa3d1ee8758e7c/page/Grunnflokkun-landb%C3%BAna%C3%B0arlands/>
- Laugardælur - hverfi; Nýr aðkomuvegur; Deiliskipulag - 2411053**  
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir á fundi sínum 3. desember skipulagslýsingu til kynningar sem tekur til lands Laugardæla L166253. Í deiliskipulaginu felst nýr aðkomuvegur að Laugardælum en núverandi vegur mun leggjast af á stórum hluta með tilkomu nýrrar brúar yfir Ölfusá. Nýi vegurinn mun tengjast mismögum gatnamótum þar sem núverandi Hringvegur, Austurvegur og nýi Hringvegurinn munu mætast. Núverandi aðkomuvegur mun að hluta til leggjast af og breytast í göngu- og hjólastíg sem mun fara í undirgöng undir nýjan veg.
- Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps; Stækkun á Búðanámu; Aðalskipulagsbreyting - 2411052**  
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir á fundi sínum 4. desember skipulagslýsingu til kynningar sem felur í sér stækkun á Búðanámu vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Búðafossvogi. Stærð námunnar er 1 ha og heimiluð efnistaka er 50.000 m<sup>3</sup>. Náman verður stækkuð í 4,5 ha og efnismagn sem heimilt verður að taka er hækkað í 60.000 m<sup>3</sup>.
- Reykir L166491; Breytt landnotkun, skógrækt í frístundasvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2311057**  
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir á fundi sínum 4. desember tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps er varðar hluta skógræktarsvæðis í landi Reykja L166491. Í breytingunni felst að hluti skógræktarsvæðis breytist í frístundasvæði. Tillaga deiliskipulags er lögð fram samhliða aðalskipulagsbreytingu þessari.
- Reykir L166491; Frístundabyggð; Deiliskipulag - 2411063**  
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir á fundi sínum 4. desember tillögu nýs deiliskipulags til kynningar sem tekur til Reykja L166491 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Í deiliskipulaginu felst að skilgreindar verða fjórar frístundalóðir austast í landinu sem liggja að Sandlæk. Aðalskipulagsbreyting er lögð fram samhliða deiliskipulagi þessu.
- Stórholt 2 L236857; Landbúnaðarsvæði í verslun og þjónustu; Aðalskipulagsbreyting - 2406093**  
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir á fundi sínum 4. desember tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar sem tekur til land Stórhólts 2 L236857 í landi Úteyjar 1. Í breytingunni felst skilgreining á verslunar- og þjónustusvæði. Skipulagssvæðið er um 3,48 ha.
- Reitur ÍB3 Flúðum; Íbúðarsvæði í þjónustusvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2411078**  
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir á fundi sínum 5. desember 2024 skipulagslýsingu til kynningar sem tekur til breytinga á landnotkun innan þéttbýlismarka á Flúðum. Innan lýsingarinnar er gert ráð fyrir skilgreiningu svæðis fyrir þjónustustofnanir innan hluta íbúðarsvæðis ÍB3. Á svæðinu verði gert ráð fyrir uppbyggingu á hjúkrunarheimili, dvalarheimili, félagsþjónustu og íbúðum fyrir aldraða.
- Kópavatn 2 L166793; Breytt skilgreining námu E28; Aðalskipulagsbreyting - 2408034**  
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir á fundi sínum 5. desember 2024 tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Með breytingunni verður efnistökusvæðið E28 á Kópavatni stækkað úr 1,5 ha í um 24 ha. Svæðið sem um ræðir er í gildandi skipulagi landbúnaðarland. Heimilt verður að vinna allt að 300.000 m<sup>3</sup> af efni. Mikil þörf er fyrir góðar efnisnámur í uppsveitum Árnessýslu vegna byggingar íbúða og gatnagerðar, einkum á Flúðum og í Reykholti. Náman er með framkvæmdaleyfi fyrir vinnslu á 50.000 m<sup>3</sup> af efni.

Samhliða aðalskipulagsbreytingu verður send fyrirspurn um matsskyldu til Skipulagsstofnunar.

#### 9. Fell L177478; Landbúnaðarsvæði (Engjaholt) í verslun- og þjónustu; Deiliskipulag - 2408104

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir á fundi sínum 4. desember að kynna tillögu deiliskipulags sem tekur til lands Fells - Engjahólts L177478 sem er um 16,3 ha að stærð. Samkvæmt fyrirleggjandi aðalskipulagsbreytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027, dagsett 23. ágúst 2024, eru um 13,9 ha svæðisins skilgreint sem verslun og þjónusta, merkt VB45 og um 2,4 ha sem frístundabyggð merkt F110. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir að landinu verði skipt upp í fimm lóðir. Á reit 1 er gert ráð fyrir 100 litlum gistihúsum til útleigu ásamt þjónustuhúsi. Á reit 3 er gert ráð fyrir hóteli og þjónustuhúsi á 3 - 4 hæðum þar sem gert er ráð fyrir því að geta tekið við allt að 200 gestum. Auk þess er gert ráð fyrir því að á reitnum verði gert ráð fyrir baðlaugum sem verði þjónustaðar af hótelinu. Á lóð merkt 6 er gert ráð fyrir 15-20 húsum sem geta verið nýtt til útleigu til ferðamanna og sem íbúðar-/starfsmannahús. Gert er ráð fyrir að húsinn geti verið allt að 200 fm hvert. Heildarbyggingarmagn verður að hámarki 4.000 fm. Lóðir merktar 2 og 4 verði frístundalóðir. Gert er ráð fyrir undirgöngum undir Biskupstungnabraut til að mynda tengingu á milli svæðanna.

Samkvæmt 1.mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

#### 10. Haukadalur 3 L167099; Skilgreining lóðar og byggingarreits; Deiliskipulagsbreyting - 2411016

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir á fundi sínum 4. desember viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins sem tekur til lóðar Haukadals 3B í Bláskógabyggð. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður og verður 36.650 m<sup>2</sup> að stærð. Á lóðinni er heimilt að reisa íbúðarhús ásamt aukahúsum s.s. gestahús, gróðurhús, hesthús og/eða geymslu/skemmu.

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar vegna eftirfarandi máls:

#### 11. Grímsborgir í landi Ásgarðs; Breytt nýtingarhlutfall; Óveruleg aðalskipulagsbreyting - 2311053

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkir á fundi sínum 20. nóvember viðkomandi breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins sem tekur til Grímsborga í landi Ásgarðs. Í breytingunni felst leiðrétting á innsláttarvillu innan greinargerðar aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps sem tekur til svæðis VP7 þar sem nýtingarhlutfall er skilgreint 0,05 en hefði átt að vera skilgreint 0,1 sbr. meðfylgjandi breytingu og rökstuðningi þess efnis. Lögð eru fram uppfærð gögn við afgreiðslu málsins.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni [www.utu.is](http://www.utu.is) og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar [skipulagsgatt.is/](http://skipulagsgatt.is/). Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna [www.blaskogabyggd.is](http://www.blaskogabyggd.is), [www.gogg.is](http://www.gogg.is), [www.floahreppur.is](http://www.floahreppur.is), [www.fludir.is](http://www.fludir.is) og [www.skeidgnup.is](http://www.skeidgnup.is).

Mál 1 – 9 innan auglýsingar eru mál í kynningu frá 12.12.2024 með athugasemdafresti til og með 3.1.2025.

Mál 10 innan auglýsingar er mál í auglýsingu frá 12.12.2024 með athugasemdafrest til og með 24.1.2025.

Mál 11 er tilkynning um niðurstöðu sveitarstjórnar vegna óverulegrar aðalskipulagsbreytingar.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is) undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið [skipulag@utu.is](mailto:skipulag@utu.is).

Fyrirspurnir má senda á netfang UTU skipulag@utu.is.



# „Fátt betra en að láta gott af sér leiða“

Esther Ýr Óskarsdóttir er ung og uppnennandi listakona frá Selfossi. Hún stundar myndlist í frítíma sínum og hefur vakið athygli á verkum sínum undanfarið. Nýlega fór hún í samstarf við ABC barnahjálp.

## Innblásturinn kemur út náttúrunni

Esther Ýr hefur mikinn áhuga á myndlist og segist hafa teiknað

og málað frá því hún man eftir sér. „Myndlistin hjálpaði mér talsvert þegar ég var í námi en ég er með mjög myndrænt minni og fannst því mjög gott að teikna upp námsefnið, þegar það var hægt.“

Hún fær innblástur mest úr íslenskri náttúru og teljast verkin hennar til abstrakt þar sem hún leggur áherslu á form, liti og áferð frekar en að endurskapa

raunverulegar myndir. „Það sem mér finnst skemmtilegast við þennan stíl er að hann leyfir áhorfandanum að túlka verkið á sinn hátt og getur verkið vakið upp mismunandi tilfinningar hjá tveimur manneskjum sem eru að horfa á sama verkið á sama tíma,“ segir Esther Ýr.

## Var lengi að safna kjarki til að sýna verkin sín

Esther segir viðtökurnar við verkunum sínum vera mjög góðar og það hafi komið henni skemmtilega á óvart. „Ég var lengi að safna kjarki til að sýna verkin mín, en það hefur verið mjög hvetjandi að sjá hversu jákvæð viðbrögðin hafa verið.“

Hún segir það ganga ágætlega að sinna bæði starfi sínu og listinni. „Ég hef alltaf litid á listina sem áhugamál og form af hugleiðslu. Ég reyni að sinna listinni þegar tími gefst, þá sérstaklega á tímum þar sem er mikið að gera í vinnunni eða þegar ég þarf sérstaklega að ná að tæma hugann.“

## Í samstarfi við ABC barnahjálp

ABC barnahjálp hafði nýverið samband við Esther þar sem henni var boðið að taka þátt í samstarfsverkefni með þeim. „Ég sló strax til, því það er fátt betra en að láta gott af sér leiða, sérstaklega í svona verðugu málefni,“ segir Esther.

„Núna fyrir jólin hóf ABC barnahjálp sölu á prentverki eftir mig en allur ágóði af sölu fer til ABC barnahjálpar og fer hagnaðurinn í að útvega börnum menntun, heilbrigðisþjónustu og máltíðir til að efla sjálfbærni



þeirra. Hægt er að nálgast prentverkin á heimasíðu ABC barnahjálpar, [www.abc.is](http://www.abc.is).”

## Notast við kol og kaffi

Esther stefnir á að halda sýningu í mars eða apríl á verkum sem hún er að vinna að um þessar mundir. „Ég er að vinna í nýrri línu þar sem ég notast mikið við kol og kaffi.“

Hún segist ætla að halda áfram að þróa stílinn sinn þegar tími gefst til og vonandi halda sýningar hérlandis.

Hægt er að nálgast verkin hennar Esther á vefsíðunni hennar [www.estheryr.is](http://www.estheryr.is) og á Instagram-síðunni @esther.yrr.

„Ég mæli sérstaklega með að kíkja á Instagram en ég er með skemmtilegan gjafaleik í gangi núna og mun draga út einn heppinn vinningshafa sunnudaginn 15. Desember,“ tekur Esther fram.

## Tilvalin jólagjöf

Að lokum segir Esther listaverkin vera frábæra jólagjöf. „List er held ég alltaf góð og persónuleg gjöf en ég býð einnig upp á gjafabréf sem eru tilvalin í jólapakkann eða við önnur tækifæri, en þá getur sá sem fær gjöfina valið sér það verk sem hentar honum best.“

EHH



Sveitarfélagið  
**ÁRBORG**

## ÚTBOÐ

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir tilboðum í:

### „Rauðholt 2025 - 2402347“

Verkið felur í sér að jarðvegsskipta götu, endurnýja fráveitu-, vatnsveitu-, hitaveitu-, ídráttarör, ljósa-staurarlagnir og ljósa-staura. Verktaki skal einnig malbika götu, steypa kantsteina, malbika hjólastíg og gangstéttar. Verktaki skal undirbúa jarðveg fyrir tré og helluleggja skal rönd þar á milli. Einnig skal helluleggja hraðahindranir, gera niðurtektir með doppuhellum og leiðarlínurhellum fyrir gangandi umferð ásamt niðurtektum fyrir hjólastíg. Að lokum skal setja upp umferðamerki og massa umferðamerkingar.

### Helstu magntölur eru:

Gröftur	4340 m <sup>3</sup>
Fylling	3868 m <sup>3</sup>
Malbik	2200 m <sup>3</sup>
Fráveita	509 m
Vatnsveita	216 m
Hitaveitulögn	398 m

Verkinu skal að fullu lokið 15. október 2025.

Útboðsgögn verða afhent á útboðvef sem er aðgengilegur hér:

<https://arborg.ajoursystem.net/Tender/DirectLink/dbcbcaf0-d40b-4522-9d31-9846d063062d>

Tilboðum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skráum sem gerð er krafa um. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn.

Skilafrestur tilboðs er til kl. 11:00 miðvikudaginn 18. desember 2024.

Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur tilboða er liðinn. Bjóðendum verður því ekki boðið að mæta á opnunarfund en í kjölfar opnunar tilboða verður bjóðendum sent opnaryfirlit rafrænt.

Mannvirkja og umhverfissvið Árborgar



Málverkið sem Esther gerði í samstarfi við ABC Barnahjálp.



# MÓSTEKKUR LÓÐIR UNDIR EINBÝLISHÚS

Árborg auglýsir lausar til umsóknar glæsilegar einbýlishúsalóðir við Móstekk í Björkurstykkinu.

Um er að ræða 12 einbýlishúsalóðir, einna til tveggja hæða einbýlishús, Móstekkur nr. 88-110 Selfossi.

Stærð lóðanna er á bilinu 830 – 916 m<sup>2</sup> með nýtingarhlutfall 0,35-0,4

Sérstakir úthlutunarskilmálar gilda um lóðirnar.

Athygli er vakin á því að einstaklingar njóta forgangs við lóðarúthlutun sbr. 6. gr. reglna um úthlutun lóða.



Umsóknum skal skilað inn á íbúagátt Árborgar. Skilafrestur umsókna er til 26. janúar 2025. Dregið verður úr umsóknum á fundi skipulagsnefndar eftir yfirferð umsókna samkvæmt reglum um úthlutun lóða.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Árborgar, [www.arborg.is](http://www.arborg.is)



Sveitarfélagið  
**ÁRBORG**



## Frá Selfosskirkju

**Selfosskirkja sunnudaginn 15. desember:**

**11:00** Sunnudagaskóli undir leiðsögn Sjafnar og leiðtoganna

**15:00** Jólasöngstund sem unglíngakórinn okkar leiðir og kaffisala til styrktar kórnum í lok stundarinnar. Gestasöngvari er Marianna Másdóttir og kórstýra/meðleikari er Edit A Molnár

**20:00** Blá jólamessa, hugljúf stund sniðin að þeim sem hafa misst, finna til saknaðar eða kvíða í aðdraganda jóla. Séra Ása Björk leiðir stundina og tónlistina leiða kirkjukórinn ásamt Edit organista

Öll eru innilega velkomin í allar stundirnar.

**Næsta vika:**

Kyrrðarbæn þriðjudag kl 12:00

Morgunbæn miðvikudag kl 10:00

Við minnum á að allt kirkjustarfið er auglýst á selfosskirkja.is



## GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Í NÝBYGGINGU Í AUSTURHÓLUM 4

Ívera íbúðafélag er með til leigu glæsilegar íbúðir í nýbyggingu í Austurhólum 4 á Selfossi.

Íbúðirnar eru sérlega glæsilegar, vel skipulagða 3ja og 4ra herbergja.

Íbúðin er með sér inngangi af glæsilegu stigahúsi. Gardinur, ljós, uppvottavél, ísskápur fylgja öllum íbúðum. Í sameign er hjóla- og vagnageymsla. Fjöldi bílastæði er við húsið sem eru sameiginleg og rafbílahleðslukerfi hefur verið sett upp.

Austurhólar er í vel staðsettu hverfi og stutt er í þjónustu, leik- og grunnskóla, íþrótt og útivistarsvæði.

Hægt er að sækja um íbúðir og fá frekari upplýsingar um eignirnar á [ivera@ivera.is](mailto:ivera@ivera.is) eða í síma 517 3440.







## LAUGALANDSSKÓLI Í HOLTUM auglýsir eftir kennara í 100% starf

Óskað er eftir einstaklingi sem er tilbúinn til að starfa við fjölbreyttar aðstæður. Starfið er mjög fjölbreytt þar sem áhersla er lögð á mannleg samskipti, bæði við börn og fullorðna.

Viðkomandi verður að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Jónas Bergmann Magnússon skólastjóri í síma 869 9010.

Umsóknarfrestur er til og með 20. desember og skal senda umsóknir ásamt starfsferilskrá í tölvu-pósti á netfang skólastjóra; jonas@laugaland.is.

Öllum umsóknum verður svarað og áskilur skólastjóri sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

Starfið hentar öllum kynjum.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

# Bernskujól í Bláskógabyggð

Fyrir um 100 árum hélt sjö ára stúlka jólin hátíðleg ásamt fjölskyldu sinni. Þessi stúlka hét Þórey Ólafsdóttir og bjó á Upphólum, torfbæ sem stóð miðja veginni milli Gullfoss og Geysis. Þórey var fædd árið 1915 og segir frá jólum í torfbænum. Þarna segir hún frá þeirri tilbreytingu sem jólin voru, jólaundirbúningnum, hefðum og siðum, leikjum barnanna, eftirvæntingunni, ljósinu, matnum og jólagjöfunum svo fátt eitt sé tínt til. Þórey segir líka frá jólatrénu sem pabbi hennar smíðaði og var mikið augnayndi, sérstaklega þegar kveikt hafði verið á öllum kertunum. Þessari fallegu frásögn hafa börnin í 1.-4. bekk í Bláskógaskóla kynnst núna í aðdraganda jóla og safnvörður Byggðasafns Árnesinga var svo heppinn að fá að vinna með þeim verkefni sem snýst um jólatré. Börnin voru leiftrandi kát og snjöll og tóku virkan þátt. Þau höfðu mikið til málanna að leggja og frá ýmsu að segja.

Samvinna okkar fólst í því að safnvörður hafði komið til þeirra þremur spýtujuólatrjúm sem eru eftirgerðir af jólatré frá Miðengi í Grímsnesi sem varðveitt er á safninu. Þessi

tré máttu börnin skreyta eftir eigin höfði og þegar nær dró desember heimsótti safnvörður hópinn og átti með þeim notalegt jólasþjall yfir fallegu líkani af torfbæ sem rammaði inn ljúfa stund um jólin þeirra í dag og gömlu jólin hennar Þóreyjar. Í ár fékk spjallið alveg nýja vídd vegna sögunnar hennar Þóreyjar af sínum æskujólum en börnin í Bláskógaskóla sem skreyttu trénu eru í dag sum hver sjö ára líkt og Þórey í sögunni og sum hver eru fædd árið 2015 þannig að þarna var einstakt tækifæri fyrir þau að kynna jólum jafnöldru sinnar og sveitunga fyrir 100 árum, bernskujólum í Bláskógabyggð þá og nú. Og viti menn þó að heil öld skilji að og ótal margt hafi breyst má greina þræði sem eru vissulega enn þeir sömu. Jólin eru ennþá tilbreyting, þau eru hátíðleg, tími ljósa og við

gerum vel við okkur á ýmsan hátt.

Börnin sóttu innblástur í gamla skrautið, þau fóru út í skóg og söfnuðu efnivið, líkt og þegar lyng var tínt áður fyrr til að prýða tré. Þau nýttu sér líka afganga úr smíðastofnunni, bjuggu til jólasveina úr könglum og perlum, klipptu út pappírskerti og skiluðu til okkar einstaklega fallega skreyttum trjúm. Eitt tré sker sig sannarlega úr, ADHD-tréð er einnig falllegt en það prýðir afar óhefðbundið skraut. Þetta tré er skreytt með fiktdóti sem sannarlega má koma við en börnunum fannst mikilvægt að koma því til skila að það hentar ekki öllum að vera í aðstæðum þar sem ekkert má snerta, líkt og er iðulega á söfnum.

Jólasýning safnsins verður opin 15. desember frá kl. 13-17..



1. - 4. bekkur Bláskógaskóla.



# Sjúkranuddari – heilsunuddari

Staða sjúkra- eða heilsunuddara er laus til umsóknar. Starfshlutfall er 100% eða eftir samkomulagi. Auk hefðbundins sjúkranudds/heilsunudds felur starfið m.a. í sér þátttöku í þverfaglegu teymisstarfi. Einnig er starfsmannarúta til og frá Olís við Rauðavatn í Reykjavík.

Nánari upplýsingar veita Sigurður B. Jónsson yfirsjúkranuddari, sigurdurb@heilsustofnun.is og Aldís Eyjólfadóttir starfsmannastjóri, aldís@heilsustofnun.is eða í síma 483 0300

Staðan er laus frá 2. janúar 2025.

Umsóknir með ferilskrá sendist til starfsmannastjóra Heilsustofnunar Grænumörk 10, 810 Hveragerði eða aldís@heilsustofnun.is



Heilsustofnun  
Náttúrulækningafélags Íslands

– berum ábyrgð á eigin heilsu





ÖLFUS

## Auglýsing um skipulag

Eftirtaldar skipulagstillögur voru samþykktar af bæjarstjórn Ölfuss til auglýsingar. Tillögurnar hafðu áður verið samþykktar til auglýsingar í skipulags- og umhverfisnefnd Ölfuss.

### Laxabraut 12 - nýtt deiliskipulag

Lagt er fram deiliskipulag fyrir Laxabraut 12. Fyrirhuguð er uppbygging á starfsmannaaðstöðu sem nýtt verður aðallega í tengslum við uppbyggingu og starfsemi landeldis First Water ehf. á Laxabraut 15-23 en eftir atvikum annarra fyrirtækja í samráði við sveitarfélagið. Heimild er fyrir búsetu allt að 200 starfsmanna, ásamt eldhúsi og mötuneyti fyrir sambærilegan fjölda. Einnig er gert ráð fyrir skrifstofubyggingum ásamt móttöku- og þjónusturými gesta og starfsfólks s.s. fyrir viðburði og starfsmannafundi. Stærð skipulagssvæðis er um 1,5 ha.

Skipulagið var samþykkt í bæjarstjórn Ölfuss þann 28. nóvember 2024. Skipulagið verður til kynningar á bæjar- skrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn til 25. janúar 2025. Einnig er hægt að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@olfus.is fyrir lok vinnudags þann 25. janúar 2025.

### Árbær 4 ASKbr - skipulagslýsing

Lögð er fram lýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi vegna um 8 ha lands innan jarðarinnar Árbær IV í Ölfusi. Til stendur að staðsetja á landinu Dýraspítala Suðurlands sem hingað til hefur verið staðsett á Stúðlum við Árbærjarveg. Komin er þörf fyrir stækkun og úrbætur á núverandi dýraspítala og mun þessi nýi dýraspítali bæta þar miklu við.

Skipulagslýsingin var samþykkt í bæjarstjórn Ölfuss þann 28. nóvember 2024. Skipulagslýsingin verður til kynningar á bæjar- skrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn til 25. janúar 2025. Einnig er hægt að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@olfus.is fyrir lok vinnudags þann 25. janúar 2025.

### Akurgerði óv. ASKbr

Lögð er fram tillaga að óverulegri breytingu aðalskipulags vegna landsins Akurgerði. Landeigandi fer þess á leit að landnotkun verði breytt úr frístundabyggð í landbúnaðarland. Aðalskipulagsbreytingin var samþykkt í bæjarstjórn Ölfuss þann 30. maí 2024.

### Litla Sandfell - Framkvæmdaleyfi

Sveitarfélagið Ölfus hefur veitt framkvæmdaleyfi til fyrirtækisins Eden Mining ehf. til að hefja efnistöku í námu sinni í Litla sandfelli. Framkvæmdaleyfið veitir heimild til efnistöku allt að 18.000.000 m<sup>3</sup> með gildistíma til 2054. Framkvæmdaleyfið er í samræmi við aðal- og deiliskipulag sem hefur verið samþykkt. Kærufrestur er til 12. janúar 2025.

Sigurður Steinar Ásgeirsson  
Skrifstofu- og verkefnastjóri  
Umhverfis- og framkvæmdasvið

Sveitarfélagið  
ÁRBORG

## Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að breytingu á aðalskipulagi Árborgar 2020-2036:

### 1. Aðalskipulag Árborgar 2020-2036 - Breytingar I. á ASK 2024 - 2312151

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti 4.12.2024 tillögu að breyttu Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036, vegna breytinga á Selfossi og í dreifbýli. Lýsing breytingar hefur verið kynnt fyrir almenningi frá 28. febrúar til 16. mars 2024. Tillagan var kynnt frá 19. júní til 10. júlí 2024 skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gerðar eru nokkrar breytingar á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2020-2036. Breytingarnar snúa einkum að þéttbýlinu á Selfossi ásamt breytingum á landbúnaðarsvæði og nýju svæði fyrir samfélagsþjónustu í dreifbýli. Um er að ræða eftirtaldar breytingar á greinargerð og uppdráttum:

- Miðsvæðið M3 breytist í íbúðarbyggð. Heimilt er að vera með hverfisverslun á lóðum næst hringtorgi Eyrarveggar og Suðurhóla.
- Athafnasvæði fyrir utan á. Unnið er að deiliskipulagi athafnasvæðis AT2. Gerðar eru litiðsháttar breytingar á afmörkun afþreyingar- og ferðamannasvæðis AF6 vegna þess og skógræktar- og landgræðslusvæðis SL1.
- Verslunar- og þjónustusvæðinu VP8 og þeim hluta samfélagsþjónustu S5 sem nær til leikskólans Glaðheima er breytt í miðsvæði.
- Iðnaðarsvæðinu I1 er að hluta til breytt í verslunar- og þjónustusvæði.
- Sett er inn iðnaðarsvæði I21 og I22 fyrir borholur hitaveitu fyrir utan á. Einnig iðnaðarsvæði I23 fyrir borholur hitaveitu á suðurbakka Ölfusár.
- Verslunar- og þjónustusvæðinu VP11 er breytt í athafnasvæði.
- Íbúðarbyggðinni IB27 er breytt til baka í athafnasvæði (AT5), eins og var í eldra skipulagi.
- Á hluta af opnu svæði OP1, norðan við Sunnulækjarskóla, er heimilt að útbúa aðstöðu fyrir skátana.
- Skilmálum fyrir miðsvæðið M5 er breytt og byggingar lækkaðar.
- Skilmálum fyrir miðsvæðið M6 er breytt og byggingar lækkaðar.
- Syslumannstúninu er breytt úr íbúðarbyggð í opið svæði.
- Syðsta hluta Votmúla 1, Lóustaða 1 og Votmúla 3 er breytt úr landbúnaðarsvæði L2 í L3.
- Sett er inn nýtt svæði fyrir samfélagsþjónustu í landi Stóra-Hrauns og minnkar landbúnaðarsvæði samsvarandi.
- Settir eru skilmálar fyrir skuggavarp og vindvist. - Endurskoðuð er afmörkun svæða sem vinna á rammahluta aðalskipulags fyrir. Að öðru leyti en því sem hér er greint frá gilda skilmálar eldra aðalskipulags, með síðari breytingum.

Samkvæmt 43. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagsbreytingu:

### 2. Miðbær Selfoss - Tryggvatorg og Árbakkasvæði - Dælustöð

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti 4.12.2024 tillögu að breytingu á deiliskipulagi Miðbæjar Selfoss, Tryggvatorgs og Árbakkasvæðis. Breytingin tekur til vestasta hluta gildandi deiliskipulags og er svæðið um 0,37 ha að stærð. Afmörkuð er 334 m<sup>2</sup> lóð fyrir nýja dælustöð fyrir vinnslu og dælingu jarðhitavatns úr borholu SE45. Lóðin er í minnst 10m fjarlægð frá árbakka og er byggingarreitur afmarkaður 2m frá lóðarmörkum. Tildrög breytingarinnar er aukin þörf fyrir afhendingu heitavatns á Selfossi vegna mikillar uppbyggingar og íbúafjölgunar. Nýtanlegt jarðhitavatn hefur fundist með borun holu SE45 á bökkum Ölfusár innan marka deiliskipulagsins.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til auglýsingar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni [www.arborg.is](http://www.arborg.is) og á [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is)

Skipulagstillögur nr. 1 og 2 eru í auglýsingu frá 12. des. 2024, til og með 30. janúar 2025. Þeir aðilar sem hafa athugasemdir eða ábendingar hafa frest til og með 30. janúar 2025, til að skila inn til skipulagsfulltrúa ([runarg@arborg.is](mailto:runarg@arborg.is)), eða á [www.skipulag@arborg.is](http://www.skipulag@arborg.is).

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið [www.skipulag@arborg.is](http://www.skipulag@arborg.is)

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllt,  
Rúnar Guðmundsson  
skipulagsfulltrúi





# Fyllt kalkúnabringa að hætti Jóa Fel

Matgæðinginn Jóa Fel ættu flestir að þekkja. Hann flutti nýlega í Hveragerði og býður hér Sunnlendingum upp á góða hugmynd að jólamat. Hægt er að horfa á myndand inn á eldabaka.is til þess að sjá nánar hvernig uppskriftin er gerð. Þar er einnig hægt að finna fullt af öðrum flottum uppskriftum eftir Jóa Fel.



Ein stór kalkúnabringa, ca. 1,5 til 2 kg

Krydduð vel með kalkúnakryddi, salti og pipar. Elda við 180°C í ca. 50 mín fyrir hvert kíló af bringu.

#### Fylling

250 g sveppir  
200 g kalkúnabeikon, ath tvö bréf eru 240 g sem er í lagi  
1 stk. rauðlaukur  
100 g smjör  
½ stk sellery  
1 stk. brie ostur  
100 g brauðteningar  
1 stk. epli  
50 g heslihnatur  
2-3 msk. söxuð steinselja  
Kalkúnakrydd  
Salt og pipar

Athugið að sveppir, laukur og beikon eru steikt saman með 50 g af smjöri.

Restin af smjörinu sett saman við þegar búið er að slökkva á stekingunni.

Allt er skorið niður og bland-

að saman við það sem er búið að steikja. Sett í matarvinnsluvél og maukað í ca. 5 sekúndur.

Sett í sprautupoka og sett eins mikið inn í kalkúninn og hægt er. Bakið svo restina af fyllingunni í ca. 30 mín. með kalkún og berið fram með.

#### Sósa

1 box sveppir  
½ dl port eða madeira-vín  
2 dl vatn  
1 bréf kalkúnakraftur  
½ l rjómi  
Salt og pipar  
Kalkúnakrydd  
Sósuþykkjari

Sveppir steiktir vel og vín sett saman við og soðið niður. Þá er vatn og kraftur sett saman við og soðið niður um rúmlega helming.

Rjómi og krydd sett saman við og svo þykkja með smá ma- isenamjöli.

#### Sætkartöflumús

C.a. 1 kg af sætkartöflum  
100 g smjör  
1 dl rjómi  
Örlítið salt ef vill

Sjóðið kartöflurnar og takið vatnið frá. Setjið smjör og rjóma saman við og maukið vel með töfraspota.

#### Eplasalat

1 dl rjómi  
2 stk. epli  
1 stylkur sellery  
1 msk. sykur  
Vínber eftir smekk, c.a. 20 stk.

Léttþeytið rjóma og setjið sykur saman við. Saxið epli og sellery smátt niður og blandið saman við rjómann.

Skerið vínber niður og blandið saman við.



## Persónulegar jólagjafir

[honnun.prentmetoddi.is](http://honnun.prentmetoddi.is)

Inni á hönnunarvefnum okkar getur þú t.d. út- búið **kort**, **dagatöl** og **myndabækur**.

SENDUM HVERT Á LAND SEM ER







# INDIA - Kórónueyrnaband

Fyrir börn á öllum aldri

## Tækniupplýsingar

Þegar aukið er út þarf að taka bandið á milli lykkja og auka út til vinstri.

Þegar lykkjum er fækkað þarf að taka tvær lykkjur yfir á hægri þrjón, eina í einu, setja þær aftur yfir á vinstri þrjón og þrjóna þær saman aftan í (slip slip knit).

## Stærðir (aldur / ummál)

1-3 ára / ca. 40 cm

4-8 ára / ca. 47 cm

9-12 ára / ca. 54 cm

Athugið að börn eru misjafnlega höfuðstór og því er góð regla að taka mál af ummáli höfuðs. Stærðir hér að ofan eru aðeins til viðmiðunar.

## Garn

Trend Merino Viking garn. 50 gr. = 125 m  
Garnið fæst hjá Bobby Hveragerði og bobby.is  
Magn: 50 gr í allar stærðir  
Þrjónafesta 20/10 á þrjóna nr. 4

## Uppskrift

Þrjónið ALDREI fyrstu lykkjuna á þrjóninum, heldur takið lykkjuna yfir á hægri þrjón og hafið bandið fyrir framan, þegar þetta er gert fæst fallegur kantur báðum megin.

Fitjið upp 17 - 18 - 18 lykkjur á þrjóna nr 4, þrjónið 1 garð s.s. þrjónar fram og til baka.

## Útaukningar til vinstri

Lyftið upp þverbandinu með vinstri þrjón framan á og þrjónið slétt aftan í bandið.

Í þriðju umferð er byrjað að auk út, þrjónið þar til 2 lykkjur eru eftir á þrjóni, þá er aukið út til vinstri með því að lyfta upp bandinu á milli lykkja með vinstri þrjón og þrjónað slétt aftan í bandið, þrjónið síðustu 2 lykkjur sem eftir eru á þrjóninum. Snúðið við og takið fyrstu lykkju óþrjónaða yfir á hægri þrjón, með bandið fyrir framan, þrjónið út umferð. Næstu umferðir eru eins þrjónaðar, þar til að komnar eru 22 - 25 -25 lykkjur á þrjóninum. Þrjónið 4 þrjóna án þess að auka út.

## Úrtaka

Takið tvær lykkjur yfir á hægri þrjóna, eina í einu. Setjið þær aftur yfir á vinstri þrjón og þrjónið þær saman með því að fara aftan í lykkjurnar (slipp, slipp, knit).

Nú þarf að fækka lykkjum og það er gert svona: Snúðið við og takið 1. lykkju yfir á hægri þrjón með



bandið fyrir framan takið næstu tvær lykkjur eins og eigi að þrjóna þær slétt, eina í einu, og færið þær yfir á vinstri þrjón, þrjónið þær saman með því að fara aftan í þær (slip slip knit) þrjónið út umferðina. Snúðið við og 1. lykkjan tekin óþrjónuð með bandið fyrir framan, þrjónið út umferðina.

Þessar umferðir eru endurteknaðar þar til að lykkju-fjöldinn er aftur orðinn 17 - 18 - 18 lykkjur Þrjónið 4 þrjóna án þess að lykkjum sé fækkað.

Þetta er svo endurtekið þar til að bandið hefur náð þeirri lengd sem óskað er eftir. Enda alltaf á einum garði þegar lengd er náð. Fellið af og saumið saman stykkið eða lykkjið saman. Gangið frá endum.

**Garn:** Trend Merino þrjónastærð 4.

**Þvottur:** Ef þið treystið þvottavélinni ykkar má setja flíkina á ullarvögg, við mælum með að vinda ekki nema í ca 1 - 2 mín mest 400 - 800 snúninga eða bara þvo í höndum. Ef garnið er 100% merino ull getur það þæfst ef ekki er passað upp á vinduna. Þegar þrjónlesið er mælt, er gott að slétta aðeins á stykkinu þar sem garðaprjón kiprast aðeins saman... alls ekki teygja samt of mikið. 1 garður í garðaprjóni eru tvær umferðir (fram og til baka).

## Uppskrift

Bobbyjardætur hjá Bobby.is  
Breiðumörk 13 - 810 Hveragerði  
Netfang: info@bobby.is - Sími: 774 2324

Óskum öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs  
Þökkum fyrir liðandi ár

STARFSFÓLK FAGFORMS  
ÓSKAR YKKUR

Merkilegra Jóla & FAGEFORM  
farsældar á nýju ári

TAKK FYRIR VIÐSKIPTIN  
Á LIÐNUM ÁRUM

Sendum félagsmönnum,  
fjölskyldum þeirra og  
landsmönnum öllum  
hugheilar jóla-  
og nýárskveðjur.

www.fit.is

**FIT**  
FÉLAG IÐN- OG  
TÆKNIGREINA

**HEYRN**

HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrnarþjónustan Heyrn  
óskar öllum Sunnlendingum  
gleðilegrar hátíðar,  
heyrumst á nýju ári.

Hlíðasmára 19, 201 Kópavogur - Sími 534 9600 - heyrn.is



# Hin ómissandi og undursamlega jólastjörnuþá Spássíu

Spássía, góðvinur Dagskrárinnar, færir lesendum annað árið í röð hina ómissandi jólastjörnuþá. Um leið og hún biður ykkur vel að lifa og vonar að þið njótið spádómsins, vill hún nýta tækifærið og færa Sunnlendingum nær og fjær hugheilar jóla- og nýárskveðjur.

## Bogmaður

23. nóvember - 22. desember

Kæri bogmaður, jólastemningin er í hámarki hjá þér og þú ert lífið og sálin í



öllum viðburðum desembermánaðar! Á þessu ári hefur þú líklega skipulagt heila jólaferð fyrir vini eða fjölskyldu, jafnvel þó að þau hafi ekki beðið um það. En ekki láta það stoppa þig! Jólaorkan þín er smitandi og þú munt sjá að fólk þitt mun njóta þess sem þú hefur lagt á þig.

Mundu samt að það er líka í lagi að njóta rólegra jólamorgna með heitum kakóþolla og uppáhalds jólabókinni þinni. Þú þarft ekki alltaf að vera aðalskemmtikrafturinn. Stundum er nóg að vera áhorfandi á eigin jólaskemmtun.

## Steingeit

23. desember - 20. janúar

Kæra steingeit, þolinmæði þín verður þér til happs þegar desembermánuður



rýkur framhjá á ljóshraða. Þú ert sú sem tryggir að allt gangi upp, hvort sem það er að tryggja að jólatréð standi beint eða að sjá til þess að öll jólakortin skili sér á réttum tíma.

Þó er mikilvægt að muna að enginn tekur eftir smáatriðunum eins og þú, svo það er í lagi að slaka á! Leyfðu þér að njóta þess að vera í núinu. Eftir áramót munu nýjar áskoranir biða þín en jólin eru akkúrat tíminn til að njóta hlýjunnar og gleðinnar með fólkinu þínu.

## Vatnsberi

20. janúar - 18. febrúar

Kæri vatnsberi, þú hefur einstakt lag á að gera jólaundirbúninginn



frumlegan og skemmtilegan! Kannski ertu að skipuleggja svarta jólaseremóníu með glimmeri og bláum ljósum eða jólamatinn með vegan tvisti sem enginn bjóst við. Haltu áfram að vera þú, þínar hugmyndir gefa jólonum ferskan blæ.

Jólin eru líka tími fyrir fjölskyldu og vini og þú munt njóta þess að skapa nýjar hefðir. Gefðu þeim tækifæri til að sjá lífið í þínum litríka heimi.

## Fiskarnir

19. febrúar - 20. mars

Kæri fiskur, þú hefur hugsanlega tekið þig til og fönðrað allar jólaaskreitingarnar sjálfur, já eða bakað dásamlegar jólasnákökur sem dreifa jólaílmnum í hvert horn hússins. Þú nýtur þess að gefa af þér, en mundu líka að jólin eru líka fyrir þig að njóta.



Leyfðu öðrum að sjá um hluta af jólastressinu, það er allt í lagi að slappa aðeins af, setjast niður og njóta augnabliksins. Þú ættir að prófa að hugleiða í ljósadýrð jólatrésins og muna að hátíðin snýst um hlýju og gleði, ekki fullkomnun.

## Hrútur

21. mars - 19. apríl

Kæri hrútur, þú ert kraftaverkið á bak við allt jólastússið! Hvort sem það er að halda uppi anda jólasveinanna eða klára verkefni sem hin gleymdu, þá tekst þér að gera meira en flestum á helmingi minni tíma.

En jafn duglegur og þú ert, þarftu að muna að gefa sjálfum þér andrými. Settu þig í fyrsta sæti svona einu sinni og leyfðu öðrum að sjá um hlutina. Ekki bara raða sörum á kökudiskinn, borðuðu þær líka!



## Naut

20. apríl - 20. maí

Kæra naut, þú hefur líklega búið þig undir jólin síðan í sumar, þegar þú byrjaðir að safna fullkomnum jólagjöfum á sumarútsölum. Hæfileiki þinn til að halda ró og stöðugleika gerir þig að traustum kletti fyrir fjölskylduna þegar jólastressið hellist yfir.

Þetta ár gæti þó boðið upp á áskoranir. Kannski mætir einhver óvænt í jólaboð eða stingur upp á tillögu að breytingu á hefð sem er í uppáhaldi hjá þér. Það er í lagi að fara út fyrir þægindarammann. Þú munt sjá að litlar breytingar geta gert hátíðarnar eftirminnilegri.



## Tvíburi

21. maí - 20. júní.

Kæri tvíburi, þú ert jólaaskemmtikrafturinn sem allir elska! Hvort sem þú ert að segja brandara við jólaborðið eða taka þátt í alls kyns leikjum, heldur þú gleðinni gangandi með þinni bráðsmítandi gleði og bjartsýni.

Hafðu það þó hugfast að það er í lagi að segja „nei“ þegar þú ert beðinn um eitthvað, það kemur maður í manns stað. Gefðu þér tíma til að hlaða batteríin, þú munt skína enn skærar á nýju ári ef þú leyfir þér að slaka á.



## Krabbi

21. júní - 22. júlí.

Kæri krabbi, jólin eru tíminn sem þú lifir fyrir og leyfir þér að hlakka til allt árið. Gjafirnar þínar eru allar hugsaðar út í þaula og þú nýtur þess að skapa nýjar minningar með fjölskyldunni. Að bjóða fólkinu þínu heim, skapa notalegt andrúmsloft og krúttast með jólatónlist,



kertum, skrauti, mat og alls kyns veisluföngum er þar sem ljósið þitt skín skærast.

Mundu bara að setja þig í fyrsta sæti líka. Láttu aðra sjá um uppvaskið og leyfðu þér að halla þér aftur og njóta.

## Ljón

23. júlí - 22. ágúst

Kæra ljón, jólin eru eins og sviðsljósin sem þú lifir fyrir. Hvort sem þú skreytir húsið eins og það sé þátttakandi í jólaljósaþekkingu eða býrð til einstaklega skapandi og hugvitsamlegar jólagjafir, þá snýst allt um að gefa af þér og gleðja aðra. Þú hefur einstaka leiðtogaþæfileika sem koma í ljós þegar fjölskyldan eða vinirnir þurfa að taka sameiginlegar ákvarðanir, eins og hvað eigi að elda eða hvaða jólamynd eigi að horfa á.

Mundu að það sem skiptir mestu máli er að njóta samverunnar, því jólin eru líka til að skapa minningar.

## Meyja

23. ágúst - 22. september

Kæra meyjja, þú hefur sett saman óaðfínanalegan jólalista sem inniheldur allt frá smákköskortum til skrautsins sem mun hanga fullkomlega á trénu. Þessi fullkomnunarárátta getur verið þér þung, sérstaklega í aðdraganda jólaanna. Þetta ár gæti verið góður tími til að sleppa takinu aðeins.

Prófaðu að deila ábyrgðinni og leyfa öðrum að sjá um hlutina, hvort sem það væri að leyfa börnunum að skreyta tréð eða láta einhvern annan sjá um sósugetöina. Ef þú tekst á við jólin með léttara hugarfari muntu uppgötva hvað þau geta verið afslappandi og dásamleg.



## Vog

23. september - 22. október

Kæra vog, þú ert eins og lifandi jólatilfinning sem færir jafnvægi og ró inn í öll jólaboð. Þú hefur einstakt lag á að halda ró þinni jafnvel þegar jólastressið ríður yfir, og þú nærð að smita fólk með kringum þig með þessari stótsku ró. Jólin eru tíminn þar sem þú blómstrar í samskiptum, hvort sem það er á jólatónleikum, í vinaboðum eða með fjölskyldunni. Þú nýtur þess að skapa fallegar og eftirminnilegar stundir með smekklefum skreytingum og vel úthugsuðum gjöfum.

Mundu samt að hugsa líka um þig, þú átt skilið að dekra við sjálfa þig og fylla jólin af þeim litlu hlutum sem gleðja hjartað þitt.

## Sporðreki

23. október - 22. nóvember

Kæri sporðreki, þú ert eins og dularfullur jóla-sveinn sem kemur fólki sífellt á óvart með því sem þú tekur þér fyrir hendur. Gjafirnar sem þú velur eða býrð til sjálfur eru alltaf persónulegar og fullar af tilfinningu og þú nýtur þess að sjá glitta í gleðina hjá þeim sem fá þær.

Vertu þó varkár að setja ekki of mikla ábyrgð á þig sjálfan, það er í lagi að láta aðra sjá um hluta af undirbúningnum. Að leyfa öðrum að taka þátt getur leitt til yndislegra augnablika sem þú gleymir seint.



Þessi stjörnuþá er ekki byggð á vísindalegum rannsóknum, heldur tilfinningu spákonu á stöðu merkjanna í desember. Engu merkjanna ber skylda til að fylgja ráðum spárinnar en eru eindregið hvött til þess.



# Síðasti upplestur Bókabæjanna austanfjalls á Brimrót

Nú er árlega íslenska jólabókaflóðið í hæstu hæðum og fjórði og seinasti upplestur Bókabæjanna austanfjalls verður haldin á Brimrót 14. desember. kl. 14. Undanfarnar vikur hafa verið reglulegir upplestrar á Brimrót, fyrst með tveim upplestrum um íslenska sögu og svo tveir upplestrar þar sem Bókabæirnir bjóða skáldsagnahöfundum að lesa upp á Brimrót á efri hæðinni í gamla félagsheimilinu Gimli á Stokkseyri.

Seinustu helgi leit fríður hópur höfunda í heimsókn við góðar undirtektir. Þetta voru þau Guðmundur Andri Thorsson, Sunna Dís Másdóttir, Sigrún Erla Hákonardóttir og Emil B. Karlsson.


Næsti upplestur er svo sem sagt þann 14. desember. Þá koma þau Þórdís Þúfa Björnsdóttir, Hallgrímur Helgason,

Auður Styrkardóttir og Gróa Finnsdóttir og lesa upp úr nýttkomnum bókum sínum. Auður er að skrifa um eina þekktustu persónuna í sögu Stokkseyrar, hana Þuríði formann á meðan Hallgrímur er að ljúka þrileik sínum um Gest og Segulfjörð. Þórdís skrifar ögrandi og einlæga skáldsævisögu sem heitir Þín eru sárin og sögusvið bókar Gróu er stórbrotin náttúra Breiðarfjarðar í bókinni Eyjar.

Upplestrarnir eru hluti af nú hefðbundinni jólabókadagskrá Bókabæjanna austanfjalls á Brimrót. Það er okkur ánægja að geta boðið uppá lítið sýnishorn af því allsnægtarborði sem íslenska jólabókaflóðið er.

Fjöldi bóka er líka til sölu á bókamarkaði og léttar veitingar verði í boði hússins.

*Bókabæirnir austanfjalls*



## Oddfellowstúkan Atli færði Krabbameinsfélagi Árnessýslu styrk

Á fundi Oddfellowstúkunnar Atla á Selfossi þann 5. desember sl. var Krabbameinsfélag Árnessýslu með erindi um starfsemi félagsins á Suðurlandi. Kom fram í máli Svanhildar Ólafsdóttur, formanns félagsins, að starfsemin væri nánast öll rekin með sjálfbóðaliðum og þörfin á félaginu væri mikil. Mikið og óeigingjarnt starf er

unnið hjá félaginu þar sem veittur er margskonar stuðningur við krabbameinssjúka jafnt sem aðstandendur. Að þessu tilefni færði Oddfellowstúkan Atli félaginu styrk upp á 600.000 kr. til styrktar enn frekari starfsemi félagsins. Þessi upphæð safnaðist við sölu happdrættismiða á Kótiletukvöldi Atla sem haldið var í haust.



Ragnar Pálsson og Kári Helgason frá Oddfellowstúkunni Atla ásamt heim Svanhildri Ólafsdóttur og Högná Sigurjónssyni frá Krabbameinsfélagi Árnessýslu við afhendingu styrksins.

**Gleðileg jól og farsælt komandi ár**

MEÐ KÆRRI ÞÖKK FYRIR GOTT SAMSTARF OG SAMSKIPTI Á ÁRINU SEM ER AÐ LÍÐA.

**Gleðileg jól og farsælt komandi ár**

Íslenska gámafélagið óskar viðskiptavinum sínum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Við þökkum samstarfið á liðnu ári og hvetjum Íslendinga áfram til stórra afreka í endurvinnslumálum.

**ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ**

**Gleðilega hátíð**

Við óskum Sunnlendingum nær og fjær gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Þökkum samstarfið á árinu sem er að líða.  
Starfsfólk og stjórn Markaðsstofu Suðurlands.

Orka Kraftur Hreinleiki

south.is | #sudurland



# Gömul íslensk mynt FÆR NÝTT LÍF SEM SKARTGRIPIR



Afi & ég er skartgripafyrirtæki sem sérhæfir sig í að smíða skart úr gamalli íslenskrí mynt. Árni Veigar Thorarensen og Gunnar Th. Gunnarsson, afi hans, stofnuðu fyrirtækið saman árið 2017.

## Afi átti hugmyndina

Árni Veigar segir í samtali við Dagskrána að áhugi hans á hönnun hafi byrjað þegar hann var ungur. „Ég var mikið að föndra og búa eitthvað til. En síðan tók áhuginn á skartgripasmíðinni ekki við fyrr en afi kemur til mín með hugmynd um að búa til skartgripi úr gamalli íslenskrí mynt.“

Gunnar, afi hans Árna, hefur safnað mynt frá árinu 1966 og datt í hug að hann gæti gert eitthvað sniðugt með hana seinna meir.

„Rúmum 50 árum seinna þegar afi er að flytja þá finnur hann poka með allri myntinni sem hann hafði safnað og hugmyndin um að smíða úr henni skartgripi kviknar. Hann kemur til mín með hugmyndina og við byrjum á því að fara á silfursmíðanámskeið til að læra grunninn í skartgripagerð og síðan var ekki aftur snúið,“ segir Árni.

Hvorugir eru lærðir gullsmiðir en hafa báðir mikinn áhuga á faginu.

„Afi vann í banka í mörg ár en hefur einnig alltaf haft áhuga á að skapa og búa til það sem honum dettur í hug. Árið 1981 var gerð myntbreyting þar sem felld voru brott tvö núll af íslensku krónunni og ný mynt tekin upp, þannig að gamlar 100 krónur urðu að einni nýrri

krónu sem við notum í dag,“ tekur Árni fram.

## Nóg til af gamalli mynt

Árni segir að þá skorti ekki mynt og nóg sé til af henni á Íslandi. „Afi átti upprunalega einn lítinn poka með blöndu af alls konar gamalli íslenskrí mynt sem kom okkur af stað. Síðan við byrjuðum eru margir búnir að hafa samband og gefa okkur mynt sem að leyntist heima hjá fólki og safnar ryki. Þannig það er til nóg af mynt þarna úti, en sum mynt er sjaldgæfari en önnur.“

## Ermahnappar vinsælastir

Afi & ég smíða aðallega ermahnappa, hringa, bindisnælur og eyrnalokka og eru allar vörurnar gerðar úr íslenskrí myntinni með það að markmiði að gefa henni nýtt líf. „En

festingar sem að við notum á t.d. ermahnappana og bindisnælurnar eru ekki gerðar úr mynt, enn þá,“ tekur Árni fram. „Einnig höfum við smíðað trúlofunar- og giftingarhringa ásamt því að hafa smíðað tölur í íslenska þjóðbúninga. Við sérsmíðum einnig skart fyrir hatta og bólóbindi,“ bætir hann við og segir að ermahnapparnir séu vinsælasta varan.

Árna finnst skemmtilegast að smíða bindisnælurnar þar sem það sé mesta smíðin. Hann segir að afa sínum finnst gaman að smíða allar hefðbundnu vörurnar en að honum finnst skemmtilegast að smíða eitthvað nýtt, en hann sér um vörupróun fyrirtækisins.

## Vinsælt í jóla- og útskriftargjöf



Árni segir skartgripi frá Afa & ég vera fyrir alla en að það sé

áberandi hópur sem versli við þá. „Það er fólk sem að man eftir gömlu myntinni og notaði hana á sínum tíma, fyrir 1981.“

Skartgripirnir eru vinsælir í jóla- og útskriftargjöf. „Vinsælt þykir að velja skartgrip með þjóðingarmiklu ártali fyrir viðkomandi, á allri mynt er ártal frá því myntin var slegin,“ segir Árni.

Hægt er að panta skartgripi frá Afi & ég í gegnum Facebook-síðu þeirra Afi og ég-Skartgripir úr gamalli íslenskrí mynt eða í gegnum afiogeg@gmail.com. Þeir senda með pósti um allt land. Einnig er hægt að versla suma skartgripi frá þeim í Sjafnarblóm á Selfossi og í Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar á Laugarvegnum.

EHI







## Jólatónleikar karlakórs Selfoss í Selfoskirkju

Karlakór Selfoss heldur sína kárlegu jólatónleika í Selfoskirkju þriðjudaginn 17. desember.

Jólatónleikar Karlakórs Selfoss eru ómissandi viðburður í jólaundirbúningi margra Sunnlendinga, efnisskráin er fjöl-

breytt og má þar finna ýmskonar léttmeti ásamt hátíðlegum söng, eitthvað sem kemur öllum í jólaskapið.

Stjórnandi Karlakórs Selfoss er Skarphéðinn Þór Hjartarson og hefur hann útsett mörg þeirra laga sem á efnisskránni

eru. Píanóleikari kórsins er Jón Bjarnason.

Tónleikarnir hefjast klukkan 20. Adgangur er ókeypis en tekið er á móti frjálsum framlögum sem renna óskipt í Sjóðinn góða. Posi verður á staðnum.



FÉLAG  
STJÓRNENDA

Sendum félagsmönnum okkar og landsmönnum öllum bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á komandi ári.



Óskum gestum okkar og Sunnlendingum nær og fjær gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða og hlökkum til að sjá ykkur á nýju ári.



LAUGARVATN  
**fontana**  
Geothermal Baths

## Jóla- og áramótakveðja

Sendum íbúum Hrunamannahrepps, sumarhúsaeygendum, viðskiptavinum og öðrum velunnurum nær og fjær hugheilar jóla og nýárskveðjur.

Með kærum þökkum fyrir ánægjulegt samstarf og skemmtilegar samverustundir á árinu sem er að líða.


*Sveitarstjórn og starfsfólk  
Hrunamannahrepps*





# Skólastjórarar í jólaskeppi

**Íris Anna Steinarsdóttir**  
Bláskógaskóli



**Jólin mega koma þegar...** skólinn fer í jólafrí.

**Brún eða hvít lagterta?** Brún lagterta.

**Uppáhaldsjólaminningin mín er...** við systkinin heima hjá ömmu Petronellu.

**Hvað er á jólaborðinu?** Kalkúnn, sætkartöflukaka, Waldorfssalat, salat, sósa, fylling og jólaöl.

**Jólamynd eða jólabók?** Jólamynd.

**Uppáhaldsjólasveinninn minn er...** Stekkjastaur.

**Pórunn Jónasdóttir**  
Flóaskóli



**Jólin mega koma þegar...** þeirra tími er kominn, hef lært það gegnum tíðina að jólin koma alltaf hvernig sem aðstæður eru og þau snúast í mínum huga um innri frið og samveru fjölskyldunnar en ekki veraldlega hluti.

**Brún eða hvít lagterta?** Brún heimabökuð af mömmu, algjört sælgæti.

**Uppáhaldsjólaminningin mín er...** að fá margar bækur í jólagjöf, skrifa svo undir sæng og lesa alla jólanóttina.

**Hvað er á jólaborðinu?** Lambahryggur ásamt öllu helsta meðlæti og heima-gerður jólaís með jarðarberjum í eftirrétt.

**Jólamynd eða jólabók?** Bæði betra, jólamyndir á aðventunni en jólabækur yfir hátíðirnar.

**Uppáhaldsjólasveinninn minn er...** kertasníkir.

**Ólína Þorleifsdóttir**  
Grunnskóli Þorlákshafnar



**Jólin mega koma þegar...** Nemendur hafa verið kvaddir þann 20. desember eftir skemmtilega og viðburðaríka adventu í skólanum. En adventan er alltaf skemmtilegur tími í skólastarfinu, ýmsar fallegar jólahefðir og tilhlökkun í loftinu.

**Brún eða hvít lagterta?** Brúna lagtertan á alltaf vinninginn! Og ég verð að segja að hún er einfaldlega best frá Myllunni. Klassík sem klikkar aldrei.

**Uppáhaldsjólaminningin mín er...** Þegar stelpurnar mínar voru litlar og trúðu á jólasveinninn. Þá var oft farið ansi langt í leikritinu, skyri klínt á gluggakistur, spor í snjóinn og jafnvel bréf frá sjálfum jólasveininum. Það er eitthvað svo dásamlegt við þessa barnslegu gleði og eftirvæntingu!

**Hvað er á jólaborðinu?** Við erum alltaf með tvo aðalrétti. Fyrri rétturinn er klassískur hamborgarhryggur með öllu tilheyrandi. Seinni rétturinn er ekki alltaf sá sami, stundum hnetusteik, stundum lamb, en undanfarnir ár hefur það verið

kalkúnaskip. Í eftirrétt erum við yfirleitt með Konfektistertu frá Kjörís og heimatilbúinn ís sem er mismunandi frá ári til árs.

**Jólamynd eða jólabók?** Ég verð að segja bæði! Það er ómissandi að horfa á góða (eða svo slæma að hún verður góð) jólamynd með fjölskyldunni. En það er líka algjörlega ómissandi hlut af jólanum að verja jóladegi í náttfötunum með góða bók í hönd.

**Uppáhaldsjólasveinninn minn er...** Sprengjusníkir en hann er líklega bara til í minni fjölskyldu. Hann kom alltaf í partýið á gamlárskvöld til foreldra minna, þegar mínar stelpur mínar voru litlar. Hann er mikill grallari og elskar að fá smá forskot á sæluna. Kom með fullan poka af sælgæti og fékk í staðinn að sprengja nokkrar sprengjur fyrir miðnætti með krökkunum.

**Sævar Þór Helgason**  
Grunnskólinn í Hveragerði



**Jólin mega koma þegar...** Þegar jólin koma? Það er ljómandi gott lag eftir Heimi vin minn sem hefur fengið endurnýjun hjá IceGuys flokknum. Annars kemst ég í „grunn“ jólaskeppi í fyrsta gangasöng í skólanum.

**Brún eða hvít lagterta?** Brún, og vonandi verður til rjómi.

**Uppáhaldsjólaminningin mín er...** Jól með fjölskyldunni er alltaf góður tími. Það er ákveðið upphald að minnst strákanna minna þegar þeir voru yngri og í miklu jólastuði, forskot á jólapakkana og byrjað á einu Legói fyrir hádegi, sem jafnvel tók allan daginn að klára. Í minningunni eru æskujólin mín í Brautartungu hjá afa og ömmu sykursæt, blíð og góð.

**Hvað er á jólaborðinu?** Léttreyktur lambahryggur er aðalrétturinn.

**Jólamynd eða jólabók?** Jólabók. Hef verið svo heppinn í gegnum tíðina að Kertasníkir gefur mér bók sem yfirleitt endist fram á jóladag.

**Uppáhaldsjólasveinninn minn er...** Það var alltaf Stúfur, en Kertasníkir hefur algerlega tekið yfir á vinsældalistanum.

**Páll Sveinsson**  
Vallaskóli



**Jólin mega koma þegar...** edikilmurinn svífur um húsið á Þorláksmessukvöld og heimalagaða rauðkálíð tekur á sig mynd í pottinum.

**Brún eða hvít lagterta?** Ég er bara ekkert hrifinn af lagtertum!

**Uppáhaldsjólaminningin mín er...** Ég á svo margar góðar jólaminningar, að sitja og horfa út um gluggan á aðfangadag og bíða eftir að afi og amma renni í hlaðið úr Hafnarfirði, að skjótast til Stebba frænda eftir pakka og fá að sjá hvað hann fékk í jólagjöf, laufbrauðsgerð með fjölskyldunni margt fleira.


**Á jólaborðinu er...** kaffibolli, konfekt, kerti og bók. Kannski glas með skosku maltviský.

**Jólamynd eða jólabók?** Uppáhaldsmyndin er Christmas Vacation, hún er yfirleitt alltaf sett í tækið á Þorláksmessu - á meðan rauðkálíð er soðið.

**Uppáhaldsjólasveinninn minn er...** Hérna áður varð það Hurðaskellir, fannst hann vera töffari. Í dag er það sennilega Ketkrókur, ég tengi best við hann í seinni tíma.

**Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir**

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri



**Jólin mega koma þegar...** Síðasti jólasveinninn er kominn til byggða.

**Brún eða hvít lagterta?** Ég er ekkert fyrir lagtertur en upphalds jólabakkelsið mitt eru blúndurnar hennar mömmu.

**Uppáhaldsjólaminningin mín er...** Undirbúningur jólaanna var oft skemmtilegastur. Að baka fyrir jólin, skreyta á þorláksmessu, bera út jólakortin, hangikjötslyktin og samveran með fjölskyldunni.

**Hvað er á jólaborðinu?** Wellington með tilheyrandi!

**Jólamynd eða jólabók?** Jólabók en jólamyndin er nauðsynleg líka!

**Uppáhaldsjólasveinninn minn er...** Hurðaskellir

**Jóna Katrín Hilmarsdóttir**

Menntaskólinn að Laugarvatni



**Jólin mega koma þegar...** Jólatónleikar ML kórsins eru um garð gengnir. Upptakturinn að adventunni hjá mér er þegar jólatónleikar ML kórsins fara fram í lok nóvember eða í upphafi adventunnar. Þegar þeim er lokið finnst mér ég geta lagt af stað í jólaundirbúning. Annars er desember mikill annatími hjá þeim sem starfa í menntageiranum og jólaundirbúningur minn einkennist helst af því að finna leiðir til að slaka og vera í ró.

**Brún eða hvít lagterta?** Brún, hrærð, mikið krem, en borða bara afskurðinn. Gef restina frá mér.

**Uppáhaldsjólaminningin mín er...** jólin þegar dóttir mín var þriggja ára gömul og við héldum í fyrsta skipti jól saman sem lítill fjölskylda. Án efa mín fallegasta jólaminning.

**Hvað er á jólaborðinu?** Aðalréttur er síbreytilegur en purusteik eða skötuselur eru í upphaldi hjá mér. Hver einustu jól er reyktur lax á borði og þá oft í hádeginu á jóladag. En eftirrétturinn á aðfangadag er heilagur, ris á la mande að hætti mannsins míns.

**Jólamynd eða jólabók?** Bæði er betra. Jólamyndir um adventuna og svo góð

jólabók yfir hátíðarnar. Christmas Vacation er jólamynd í miklu upphaldi hjá mér og ég reyni líklega að spila hana á aðventunni á meðan ég þríf og skreyti. Svo er ég mjög spennt fyrir nýju bókinni hennar Nönnu Rögnvaldar í yfirstandandi jólabókafloði.

**Uppáhaldsjólasveinninn minn er...** Kertasníkir því hann er síðastur en alls ekki sístur. Mér þykir það svo mikill mannkostur þegar fólk er ekki að trana sér neitt og er bara sátta við að vera aftast í röðinni.

**Soffía Sveinsdóttir**  
Fjölbrautaskóli Suðurlands



**Jólin mega koma þegar...** klukkan slær sex á aðfangadag.

**Brún eða hvít lagterta?** Brún

**Uppáhaldsjólaminningin mín er...** frá því þegar ég var í góðum félagsskap á Kýpur. Dásamlegt að verja jólanum í sól og afslöppun.

**Hvað er á jólaborðinu?** Ólst upp við hamborgarhrygg og við pabbi elduðum hann saman í mörg ár, alltaf sömu uppskriftina. Hef stundum eldað hamborgarhrygginn síðan ég fór að búa en höfum líka breytt til. Þetta árið ætlum við að vera með andalæri með skólastjórásösu (uppskrift frá Sævari skólastjóra Grunnskólans í Hveragerði).

**Jólamynd eða jólabók?** Góð jólabók.

**Uppáhaldsjólasveinninn minn er...** Kertasníkir því hann gaf veglegar gjafir í skólinn þegar ég var lítil. Hann var líka svo sniðugur að pakka inn í álpappír og stela jólasakrauti frá mömmu og pabba til að skreyta pakkann með.

**Kristín Sigfúsdóttir**  
Grunnskólinn á Hellu



**Jólin mega koma þegar...** desember dagskrá Grunnskólans á Hellu lýkur. Erum með margar frábærar jólahefðir sem alls ekki mega missa sín áður en jólin ganga í garð.

**Brún eða hvít lagterta?** Alltaf brún.

**Uppáhaldsjólaminningin mín er...** pakkinn sem við systkinin fengum að opna fyrir matinn á aðfangadagskvöld. Ég hef líka alltaf elskað að enda kvöldið á því að lesa góða bók, helst svo góða að ég geti ekki hætt fyrr en henni er lokið.

**Hvað er á jólaborðinu?** Hamborgarhryggur með öllu tilheyrandi, þ.m.t. heimatilbúð rauðkál sem er algjörlega ómissandi. Toblerone-ís og ananasfrómas í eftirrétt.

**Jólamynd eða jólabók?** Jólabók, ekki spurning!

**Uppáhaldsjólasveinninn minn er...** Stúfur, samsama mig svolítið við hann!

Ég óska öllum Sunnlendingum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.





# Jólahugvekkja

Af hverju snjóar alltaf í jólaauglýsingunum? Fjölskyldur birtast þar sem börnin eru vel greidd, vel sofin og vel upp alin, foreldrarir gjörsamlega áhyggju- og streitulausir og hafa aldrei þurft að leysa úr ágreiningi, þar sem allt leikur í lyndi og öll samskipti eru áreynslulaus. Við finnum það öll hvað þessar staðalmyndir eru okkur ógagnlegar, óhjálplegar og lítið styðjandi. Við vitum að fjölskyldur eru alls konar og að tilfinningar og líðan á jólum er alls konar. Eitt af því sem jólin gera við okkur er það að á einhvern hátt þá segja þau okkur satt um líf okkar. Þegar allt er í lagi í lífi okkar, eins langt og það nær, þá finnum við það á jólnum og fyllumst vonandi þakklæti. Og þegar eitthvað vantar, þegar eitthvað er að, þá finnum við það líka svo sterkt á jólnum. Það er eitt af því sem jólin gera við okkur, þau opna hjarta okkar og jafnvel líka þau hólf sem við viljum ekkert sérstaklega hafa með að gera, þau sem geyma sára reynslu af t.d. missi og áföllum. Þegar við syrgjum og söknum, þar sem búið er við kröpp kjör, þar sem glímt er við veikindi eða þar sem gæði náinna tengsla eru af skornum skammti, þá verður þetta allt meira áberandi um jólin, ýmislegt sem við kannski getum leitt hjá okkur í annan tíma.

Í hjarta jólaguðspjallsins er sannarlega engin glansmynd. Þar hittum við fyrir samsetta fjölskyldu, þungaða ógifta unglingsstúlkunni og ráðvilltan unnusta hennar á hrakhólum í veröld sem lætur sér í besta falli standa á sama um þau. En þau Jós-ep og María völdu að takast á við lífið eins og það kom til þeirra. Sögu barnsins þekkjum við, litla Jesúbarnsins.

Ekkert hreyfir við okkur eins og lítið barn. Það er varla hægt að bregðast öðruvísi við litlu barni en að elska það, mynda við það tengsl, því barnið horfir á þig og spyr með augunum: má ég treysta þér?

Lífið snýst um tengsl. Ein mesta heilsufarsógn samtíma okkar, kvíði og einsemd, varðar að hluta tengslaleysi. Tengslaleysi við okkur sjálf, hvert annað og við æðri mátt. Lífshamingja okkar veltur að svo miklu leyti á því hvernig okkur lánast að mynda tengsl og rannsóknir sýna að þau okkar sem eiga innihaldsrík og nán tengsl við aðra eru líklegri til að skilgreina sig sem hamingjusamar manneskjur.

Saga jólanna er um þetta. Hún er um það sem gerist andspænis litla barninu í jötunni sem vill mynda við þig tengsl, biður þig að elska sig og vill fá að búa hjá þér. Hún er líka um það val sem við eigum öll í lífinu við allar aðstæður. Við



eigum alltaf val um það að takast á við lífið eins og það kemur til okkar hverju sinni en ekki fallast hendur andspænis verkefnunum sem okkur eru falin, taka því sem að höndum ber með æðruleysi og í trausti. Um leið eigum við líka val um

að horfa í augu samferðafólks okkar og virða líf þeirra. Við eigum alltaf val um það að sjá og reyna að skilja, átta okkur á að öll erum við að taka okkar ákvarðanir, heyja okkar baráttu og reyna að gera vel, að enginn á einfalt líf og fæst eigum við lífið eins og til stóð að hafa það, a.m.k. í öllum lykilatriðum.

Jesúbarnið laðar fram í okkur vitund um að við séum systkin, allar manneskjur og ekki bara það heldur einnig vitund um að öll sköpunin, allt sem lifir, tengist. Og von okkar nú, í veröld sem okkur kann að virðast komin að fótum fram, er sú að ná-ungakærleikurinn í brjósti okkar nái ekki aðeins til þeirra sem standa okkur næst svo tengsl okkar við þau verði traust, nærandi og gefandi, heldur nái hann til hverrar manneskju. Maðurinn er þannig af Guði gerður að geta tekist á við erfiðar aðstæður með krafti og von og hæfni til þess að hafa áhrif á líf sitt og umhverfi. Boðskapur jólanna er sá að það er engin ástæða til þess að tapa voninni heldur þvert á móti næra hana og rækta, opna huga okkar og hjörtu og takast óhikað og með opnum huga á við verkefni lífsins. Guð gefi þér og þínum gleðileg jól.

*Ninna Sif Svavarsdóttir,  
Sóknarprestur Hveragerðisprestskalls.*





# JÓLI HÓLM VARÐ TIL Í BRÚÐKAUPI JÓA BERG

Uppistandssýningin Jóli Hólm sem sýnd er í Bæjarbíó er ein af mörgum jóla-sýningum sem sýndar eru í desember. Sólmundur Hólm og Halldór Smáráson sameina þar krafta sína þriðja árið í röð við góðar undirtektir. Uppselt hefur verið á allar sýningar en samtals sýna þeir 39 sinnum á 23 sýningardögum, oftast tvisvar á dag. Halldór Smáráson er búsettur í Hveragerði og fór hann yfir sýninguna með blaðamanni.

## Forréttindi að sýna þessa sýningu

Halldór segir það ótrúlega gaman að vera búinn að selja upp á sýningarnar. „Það eru algjör forréttindi að geta verið með sýningu sem gengur og gengur. Þetta er í þriðja skipti sem við gerum þetta og á fyrsta tímabilinu voru 27 sýningar, og 34 í fyrra held ég. Þetta er alltaf að aukast aðeins.“

Sóli sér um uppistandið á sýningunni og Halldór er tónlistarstjóri. „Það er slatti af lögum sem við erum að flytja, bæði hann sem eftirhermur og svo bara einhver jólalög sem eru stemning. Það er svona mitt hlutverk,“ segir Halldór.

Undirbúningur sýningarinnar byrjar nokkrum mánuðum fyrir desember. „Við erum að móta þetta saman kannski allt haustið, ákveða lög og svo geri ég útsetningar af því það er ekki heil hljómsveit á sviðinu heldur bara ég með fullt af einhverjum hljómborðum og dóti. Þannig að bæði er ég að búa til tónlistina fyrir sýningarnar og að spila á



Ljósmynd: Baldur Kristjánsson.

sýningunni sjálfri,“ tekur Halldór fram.

## Tilviljun að hafa farið í þetta verkefni

Sóli átti upphaflega hugmyndina að sýningunni og segir Halldór það algjöra tilviljun að þeir hafi farið í þetta verkefni saman.

„Við kynntumst aðeins fyrir mörgum árum þegar hann var að vinna á Rás 2 og ég kom stundum í viðtöl og að spila. Svo bjuggum við á sama stað í Vesturbæ og vorum nágarnar í nokkra mánuði eða ár og var þá einhver smá samgangur. Svo 2022, fyrir fyrsta tímabilið, þá

erum við báðir að gigga í brúðkaupi á Spáni hjá Jóa Berg. Þá erum við saman yfir langa helgi og hann bara spyr hvort ég sé til í að vera með í þessu. Þetta var eiginlega algjör tilviljun að þetta skyldi gerast.“

## Álagið ekki farið að bita í

Halldór segir að þegar þeir byrjuðu á þessu fyrst fyrir tveimur árum hafi honum fundist algjör bilun að sýna svona margar sýningar. „Ég hafði aldrei spilað á fleiri tónleikum en kannski sex. Maður er ekkert vanur að koma fram á tónleikum sem ganga bara endalaust og ég hef ekki

mikið verið í leikhúsinu heldur. Að fara svo í þetta er algjör bilun og það tekur alveg gjör-samlega yfir allt annað.“

Aðspurður hvort álagið sé ekki mikið segir Halldór að þeir Sóli séu enn mjög góðir þegar 15 sýningadagar eru eftir. „Þetta er ekkert farið að bita í ennþá. Kosturinn við það að vera með eina sýningu alltaf á sama staðnum er að maður þarf ekki alltaf að vera að fara á æfingar. Ég er vanur að spila á fullt af tónleikum síðustu ár. Þá er maður alltaf að róta öllu draslinu sínu á milli æfingastaða sem er miklu meira maus. Það fer rosalega mikil orka í það. Það eru þvílík forréttindi að það sé ekkert annað í gangi í Bæjarbíó heldur en þetta. Við þurfum aldrei að taka neitt niður og setja aftur upp.“

Þar sem álagið við sýninguna er svona mikið þá hefur Halldór neitað öllum öðrum giggum. „Fyrir tveimur árum þá var ég með tvenna aðra tónleika sem ég var að sjá um. Kóratónleika með hinsegin kórnum og svo var ég með Heru Björk. Það gekk alveg upp þá en þetta er bara of mikið til að vera í öðru. Þetta er alveg klinkun.“

## Tilbúinn í þetta maraþon

Upphaflega áttu sýningarnar að vera 37 en svo bauðst strákunum að bæta við tveimur sýningum á Þorláksmessu. „Þá hugsuðum við með okkur bara „af hverju ekki?“ Þetta var bara eins og að vera búinn að skrá sig í mara-

þon. Ég er tilbúinn að hlaupa maraþon og þá er ekkert mál að hlaupa einn kílómeter í viðbót. Maðurgífastt bara í það. Þegar maður veit að þetta eru svona margar sýningar þá er þetta bara eitthvað sem maður veður í,“ segir Halldór og tekur fram að það sé ótrúlega gaman að sjá sýningarnar seljast upp.

Hann segir þá Sóla alltaf vilja gera jafn vel og árið áður og jafnvel betur. „Sem betur fer höfum við alltaf fengið þá tilfinningu. Við erum alveg að fá það feedback frá áhorfendum að þetta sé bara alltaf að verða betra,“ segir Halldór og segir að honum finnst gaman að sýningin sé orðin árleg jólahefð hjá mörgum.

## Blanda af jólum og uppgjöri á árinu

Sýningin er blanda af jólastemningu og uppgjöri á árinu. „Það er verið að fara yfir skemmtileg mál frá árinu, smá uppgjör, en líka klárlega jólasýning. Það eru alltaf jólalög og alls konar tengingar við jólin á einn eða annan hátt. Þetta kemur manni í jóla-fíling, það er alveg þannig. Ég kemst í jólaflíng bara í september,“ segir Halldór og hlær.

Hann segir engar tvær sýningar vera nákvæmlega eins. „Salurinn er svo misjafn. Stundum er bara þvílíkur gir og stundum er meiri hlustun. Þetta er bara mjög misjafnt. Stundum er fólk bara búið að þrjóna aðeins yfir sig á seinni sýningum á laugardögum. Það er bara eins og það er.“

## Eins og að vera sjómaður

Þar sem álagið í desember er mikið hjá Halldóri þá hefur hann takmarkaðan tíma í jóla-undirbúning. Hann segir það lenda mest á konunni sinni. „Við gætum hvorugir gert þetta ef ekki væri fyrir konurnar, þær eru rosalega mikilvægar. Það eru náttúrulega börn heima en þær sýna þessu mikinn skilning. Þetta er svolítið eins og að vera sjómaður, maður er bara farinn af heimilinu. Þetta er algjör törn en á mánuðögum og þriðjudögum getur maður sett upp jólaseríur og reynt að baka einhverjar sortir. Það er alveg geggjað líka.“

Halldór segir að hann muni fara beint í jólaundirbúninginn þegar sýningum lýkur.

„Ég hef alltaf verið mikið jólabarn, hvort sem það er mikið eða lítið að gera í spilamennsku



Ljósmynd: Ólafur Hannesson.







**FUNDIR****Krabbameinsfélagið****OPNUNARTÍMAR**Mán. kl. 11-14  
Opið húsÞriðjud. kl. 14-16  
Unga fólkið 18 til 45 áraMiðvikudaga kl. 11-14  
Opið húsFimmtudaga kl. 11-14  
UpprekjurFöstudaga kl. 11-14  
Opið hús

Hægt er að panta viðtöl í annan tíma ef þessir tíma henta ekki.

Allir viðburðir auglýstir á Facebook-síðu Brosins.

Sími 482 1022 / 788 0300

**Al-Anon Selfossi**

Al-Anon fundir á þriðjudögum í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl. 20:00. Fundur kl. 20:30.

**Al-Anon**

Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

**AA**Mán. kl. 21 - AA fundur  
Þrið. kl. 19 - AA konufundur  
Mið. kl. 19:30 - AA fundur  
Fim. kl. 20 - AA karlafundur  
Fös. kl. 20:30 - AA fundur  
Lau. kl. 21 - AA opin fundur  
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur  
AA Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á aa.is.**Polskie mitingi**

Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedziałek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

**AA Sporgöngufólk f. alla**Bókasafn  
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 11-12 sunnudag.**AA opin fundur f. alla**Kirkjan kjallari  
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 20:00 fimmtudag.**OA**

Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters anonymous alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

**CoDA**Bataleið frá meðvirkni  
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.  
Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á coda.is.CoDA-fundur / Meðvirkni  
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,  
Þorlákshöfn  
Miðvikudaga kl. 19:30.**Leiðin út á þjóðveg**Fundir í Rauðakrosshúsinu,  
Mánamörk 1, Hveragerði, neðri hæð, miðvikudaga kl. 19:30.**ÞJÓNUSTA****Daglegar ferðir**SELFOSS - REYKJAVÍK  
SUÐURLANDBókhald • Framtöl • Skattskil  
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.Austurvegur 6 - 800 Selfoss  
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is**Ráð í rekstri !****Hjá Maddy ehf.**Eyravegi 27 - 800 Selfoss  
s. 482 3454 - maddy@maddy.isBókhald - ráðgjöf  
skattskilÞjónusta við  
einstaklinga og  
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

Við prentum  
ljósmyndir[honnun.prentmetoddi.is](http://honnun.prentmetoddi.is)Pantað ljósmyndaprentun  
í öllum algengustu  
ljósmyndastærðunum.**FÉLAGSSTÖRF****SKRIFSTOFA FEBSEL**Opin fimmtudaginn  
12. desember kl. 13:00-14:30**OPIÐ HÚS**

Fim. 12. desember kl. 14:45

**LITLU JÓLIN**  
Hattadagur

Heitt súkkulaði og smákökur

**KIRKJA****Selfosskirkja**Sunnudaginn 15. desember:  
11:00 Sunnudagaskóli undir leiðsögn Sjafnar og leiðtoganna  
15:00 Jólásöngstund sem unglingakórinn okkar leiðir og kaffisala til styrktar kórnum í lok stundarinnar. Gestasöngvari er Marianna Másdóttir og kórstýra/ meðleikari er Edit A Molnár  
20:00 Blá jólamessa, hugljúf stund sniðin að þeim sem hafa misst, finna til saknaðar eða kviða í aðdraganda jóla. Séra Ása Björk leiðir stundina og tónlistina leiða kirkjukórinn ásamt Edit organista  
Öll eru innilega velkomin í allar stundirnar**Hveragerðiskirkja**

Jólastund barnanna kl. 11. Jólásaga, Barnakórinn syngur, dansaði í kringum jólatré og jóla-sveinar koma í heimsókn.

**Skálholtsdómkirkja**Messa í Skálholtsdómkirkju kl. 11 á þriðja sunnudegi í aðventu. Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir sóknarprestur prédikar og þjónar, Jón Bjarnason dómorganisti og Bergþóra Ragnarsdóttir leiðir söng. Innilega velkomin.  
Þá flytur sönghópurinn Cantores Islandiae vesper úr Þorlákstíðum í Skálholtskirkju sunnudaginn 15. desember kl. 17.30. Stjórnandi er Ágúst Ingi Ágústsson og allir eru velkomin á þennan einstaka menningarviðburð sem tengist sögu Skálholts.

Mánudaginn 16. desember verður síðan boðið upp á "óska-lögin við orgelið" með sérstöku jólaþema kl. 20. Jón Bjarnason og Skálholtskórinn leiða.

**Hagakirkja**

Aðventustund kl. 16. Guðmundur Eiríksson spilar á orgel og kirkjukór leiðir söfnuð í söng. Prestur Axel Á Njarðvík. Verið velkomin.



Guðmunda Ólafsdóttir formaður frjálssípróttaráðs HSK tók við viðurkenningu ráðsins á uppskeruhátíðinni.

**Frjálssípróttaráð HSK verðlaunað á Uppskeruhátíð FRÍ annað árið í röð**

Uppskeruhátíð Frjálssípróttasambands Íslands fór fram í Laugardalshöllinni 5. desember síðastliðinn og var mikil gleði og stemming meðal þess frjálssípróttafólks sem mætti. Veittur var fjöldi viðurkenninga til besta og efnilegasta frjálssípróttafólks landsins, innan vallar sem utan og farið var yfir frjálssípróttarárið 2024 í máli og myndum.

Tvönn verðlaun fóru á sambandssvæði HSK.

**Viðburður ársins**

Frjálssípróttaráð hlaut verðlaun fyrir viðburð ársins sem var MÍ 15-22 ára utanhúss á Selfossi. Í umsögn FRÍ sagði „Virðilega fagleg framkvæmd innan vallar við mótið sjálft, en enn frekar fyrir mikilvæga skemmtun og samveru fyrir utan mót, sem er öðrum til fyrirmyndar.”

Þetta er annað árið í röð sem

Frjálssípróttaráð hlýtur þessi verðlaun, í fyrra var ráðið verðlaunað fyrir framkvæmd MÍ 11-14 ára utanhúss, en það mót var einnig haldið á Selfossi.

**Hvatningarverðlaun unglingsþjálfara**

Rúnar Hjálmarsson, Umf. Selfoss, hlaut hvatningarverðlaun unglingsþjálfara.

Í umsögn FRÍ sagði „Rúnar er yfirþjálfari frjálssípróttaráðs Umf. Selfossi og þjálfar þar einnig meistaraflokk. Rúnar hefur náð virkilega góðum árangri með sínu ípróttafólki og varð HSK/ Selfoss Íslandsmeistari í flokki 15-22 ára innan- og utanhúss í ár með talsverðum yfirburðum, þriðja árið í röð.”

HSK óskar ráðinu og Rúnari til hamingju með verðskuldaðar viðurkenningar.

**Ungmennaráð Listasafns Árneseinga gerir góða hluti**

Ungmennaráð Listasafns Árneseinga er hópur af ungu fólki sem þróa hugmyndir í samstarfi við safnið til að ná til fleiri hópa í samfélaginu. Ráðið hefur nú lokið störfum og er afraksturinn frábær. Meðal þess sem þau gerðu fyrir safnið var að halda grafíksmíðju, gera auglýsingamyndband fyrir safnið og ratleik fyrir yngstu gesti safnsins.

Hægt er að koma við og taka þátt á aðventunni og kannski kemur auka jólagjöf undir jólatréð. Í ungmennaráðinu í haust voru framhaldsskólanemar og grunnskólanemar í 10. bekk í Árneseyslu. Hefur verkefnið tekist það vel að haldið verður áfram með það á komandi ári og mun safnið óska eftir umsóknunum frá ungmennum í sýslunni.

**Gjaldtaka hefst við bílastæði Ráðhúss Árborgar**

Bæjarráð Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti á fundi sínum 5. desember síðastliðinn að hefja gjaldtöku við bílastæði Ráðhússins að Austurvegi 2. Ráðið samþykkti að ganga til samninga við fyrirtækið Parka til 5 ára um eftirlit og gjaldtöku af bílastæðum við Ráðhúsið. Bæjarstjóra er falið að ganga frá samningi fyrir hönd sveitarfélagsins.









## Prjóna saman jólapeysu ár hvert til styrktar góðu málefni

Gallerý Gimli á Stokkseyri stendur fyrir uppboði á jólapeysu sem prjónuð var í ár af þeim Ingibjörgu Ársælsdóttur, Jóhönnu Sveinsdóttur, Vilborgu Másdóttur og Þórdísi Sveinsdóttur. Þær eru hluti af átta konum sem reka galleríð saman.

Jólapeysan er unnin þannig að hver kona fær hluta úr peysunni til þess að prjóna og ræður algjörlega litum og munstri sjálf. „Við fáum bara að vita stærð á peysunni, prjónastærð og lykkjufjölda. Svo er ein kona sem gerir eina ermi, önnur gerir hina, sú þriðja gerir bolinn og sú fjórða klárar. Við vitum ekkert hvernig þetta lítur út hjá hinum og bíða allir spenntir að sjá hver útkoman verður,“ segir Jóhanna

Sveinsdóttir. Peysan er yfirleitt prjónuð í Large þar sem sú stærð er talin henta best.

Jólapeysugerð í gallerýinu byrjaði árið 2013. „Fyrst þegar þetta byrjaði var samkeppni til styrktar Barnaheilla sem konurnar tóku þátt í og fengu þær verðlaun fyrir falgustu peysuna. Þær byrjuðu strax að prjóna peysuna með þessu fyrirkomulagi,“ segir Vilborg Másdóttir.

Þegar hætt var að taka þátt í keppninni hjá Barnaheillum ákváðu konurnar að halda áfram jólapeysugerðinni og styrkja önnur góð málefni.

Peysan hefur verið sett á uppboð á Facebook-síðu Gallerý Gimli. Lágmarksupphæð er 35 þúsund krónur og verður hægt að bjóða í peysuna til og

með 15. desember. Ágóðinn rennur til björgunarsveitarinnar Bjargar á Eyrarbakka.

EHI

### ALHLIÐA BYGGINGA-VERKTAKAR

848 0964 899 0979  
GÍSLI ÖRN

GBHOUSEHF@GMAIL.COM



## SLYSH heldur sína fyrstu jólatónleika

Hljómsveitin SLYSH sem hefur verið að gera garðinn frægan undanfarið ætlar að halda jólatónleika fimmtudaginn 12. desember. Tónleikarnir fara fram í leikhúsinu í Hveragerði og er því takmarkað magn af miðum í boði.

Strákarnir ætlar að bjóða upp á alvöru jólastemningu og

munu spila fjöldann allan af jólalögum. Jónas Sigurðsson tónlistarmaður verður sérstakur gestur á tónleikunum.

Miðasala jólatónleikanna fer fram í Shellskálanum í Hveragerði og mun allur ágóði af sölunni renna til Sjóðsins góða.

EHI

BRAGA AF VINATTU!

Fæst hjá **BYKO** Selfossi

**FROST**  
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI  
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA  
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

**LAGNIR**  
ALHLIÐA  
PÍPULAGNINGA  
VERKTAKAR  
Eyjólfur - Sími 888 8001  
Guðjón - Sími 888 8002  
800lagnir@800lagnir.is

**PÚLSINN**  
Raf & kæliþjónusta  
Kæli & Frystikerfi  
Viðgerðir · Þjónusta  
Nýsmíði · Rafmagn  
Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

**STÍFLULOSUN**  
SUÐURLANDS  
Lagnamyndun  
Rótarhreinsun  
Stíflulosun  
Lagnafóðrun  
Sími 510 1180  
Hellismýri 14 - 800 Selfossi

**Sprettur**  
ÁBURÐUR  
Skeljungur  
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri  
GSM: 840 3009

**Ökukennsla**  
Kristinn M. Bárðarson  
S: 896-5798 / 777-5798  
Beinskiptur /  
Sjálfskiptur bíll

**VÉLSMÍÐJA**  
SUÐURLANDS ehf  
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980  
Efnissala  
Rennismíði  
Innréttingar  
Járnsmíði  
Gagnheiði 5, Selfossi  
Sími 482 1980

**Bilverk BA**  
Bílasprautun · Bílaréttingar  
Bílrúðuskipti  
Þar sem  
fagmennirnir vinna  
★★★★★  
Vottað verkstæði  
Gagnheiði 3 - Selfossi  
Sími 482 2224 / 899 5424  
bilverkba.is

**Lagnþjónustan ehf**  
Pípulagnir - Efnissala  
482 2311 696 2311  
Skrifstofa Þjónustusími

**HEYRN**  
HEYRNARÞJÓNUSTA  
534 9600  
www.heyrn.is

**NÝTT**  
Vinnuvélanámskeið  
á netinu!  
www.vinnuvelaskolinn.is